

Reykjanesfólkvangur

Upphaf, markmið, framtíð

Skýrsla unnin fyrir stjórn Reykjanesfólkvangs

Sigrún Helgadóttir
2004

Útdráttur

Stofnun Reykjanesfólkvangs er samofin sögu náttúruverndar á Íslandi. Framkvæmdir við Grænavatn í Krýsuvík áttu þátt í að menn áttuðu sig á mikilvægi þess að almenn náttúruverndarlög giltu í landinu. Hugmynd að stofnun fólkvangs á Reykjanesi var samþykkt samhljóða í borgarstjórn Reykjavíkur árið 1969 og lögð áhersla á að land frá Elliðavatni til Krýsuvíkurbergs yrði gert að friðlýstu útivistarsvæði fyrir almenning. Fólkvangurinn var stofnaður 1. des. 1975.

Fólkvangar eru í umsjón sveitarfélaga ólíkt öðrum friðlýstum svæðum á Íslandi. Landið er í lögsögu Grindavíkur, Hafnarfjarðar, Álftaness og Garðabæjar en vegna mikilla hagsmuna annarra þéttbýlisbúa standa Reykjavík, Seltjarnarnes, Kópavogur, Garðabær, Hafnarfjörður, Reykjanesbær og Grindavík saman að fólkvanginum. Hvert sveitarfélag skipar einn fulltrúa í fólkvangsstjórn og fjárframlög eru í hlutfalli við íbúatölu sveitarfélaganna. Fulltrúi Reykjavíkur er formaður stjórnar. Frá 1981 hefur verið starfsmaður í hlutastarfi á sumrin til eftirlits.

Svæðið fellur ekki að íslenskum eða alþjóðlegum skilgreiningum á fólkvangi en er þjóðgarðsígildi og hluta þess mætti friðlýsa sem víðerni. Jarðfræði svæðisins er merkileg á heimsvísu en þar eru plötuskil með tilheyrandi eldstöðvum af ýmsum gerðum og gömlum og nýjum hraunum. Svæðið var byggt frá landnámi fram á síðustu öld og þar er mikið af minjum um lífshætti fólks á fyrri tímum til lands og sjávar.

Landið var vel gróið en hefur verið ofnýtt og gróður er nú mjög illa farinn, mikil ofbeit og landeyðing. Það er enn notað sem beitiland bæði er þar lausaganga búfjár og beitarhólf fyrir hross og sauðfé. Ýmsir áhugahópar hafa helgað sér svæðið m.a. til torfæruaksturs utan vega og er landið víða mjög illa farið af þeim sökum. Mikilvægt er að ná tökum á þessum vandamálum. Stefnt skyldi að friðun fólkvangsins fyrir beit og utanvegaakstri og leitast við að endurheimta fyrra gróðurfar (vistheimt).

Vegir í fólkvanginum eru að mestu malarvegir. Sumir þeirra eru illa færir fólksbílum. Verið er að undirbúa lagningu Suðurstrandarvegar þvert í gegn um fólkvanginn. Tilkoma vegarins mun auka mjög umferð um fólkvanginn og nauðsynlegt er að bregðast við auknum gestafjölda með merkingum, upplýsingum og annarri þjónustu. Þá þjónustu þarf að veita um allan fólkvanginn, fyrst og fremst þarf að merkja áhugaverða staði og stika fjölbreyttar leiðir.

Þegar borin eru saman fjárframlög og stuðningur við Reykjanesfólkvang og önnur útivistarsvæði í nágrenninu, s.s. Bláfjallafólkvang og Heiðmörk, sést að fólkvangurinn er mikið olnbogabarn. Svæðið verður þó sífellt mikilvægara til útivistar fyrir þéttbýlisbúa SV-lands. Það gæti einnig haft mikið aðdráttarafl fyrir þá erlendu ferðamenn sem sækjast eftir menningarlegri og fræðandi útivist. Það form ferðmennsku er nú í mikilli sókn. Sú sérstaða að hægt sé að upplifa víðernisáhrif á daginn en stunda menningarlíf og fá góða þjónustu í þéttbýli um kvöld og nætur er mikill styrkleiki fyrir nálæg sveitarfélög.

Árið 2005 verður Reykjanesfólkvangur 30 ára og vonandi verður það tilefni til átaks í málefnum hans.

Efnisyfirlit:

Útdráttur	2
I. Upphafið.....	5
I.1 Erindi Sigurðar Þórarinssonar	5
I.2 Náttúruverndarlögin frá 1956 – skilgreiningar á náttúruvernd	6
I.3 Áhugi á náttúruvernd á 7. og 8. áratug síðustu aldar	6
I.4 Úr fundargerðum náttúruverndarnefndar Reykjavíkur	6
I.5 Tillaga um fólkvang	7
I.6 Umsögn frá 1970.....	7
II. Stofnun fólkvangs og stjórnir hans	8
II.1 Lögin frá 1971 – haldið áfram	8
II.2 Fyrstu árin	9
II.3 Stjórnir Reykjanesfólkvangs.....	10
III. Friðlýst svæði	11
III.1 Náttúrufríðun	11
III.2 Náttúruminjaskrá	12
III.3 Flokkar friðlýstra svæða á Íslandi	12
III.4 Alþjóðleg flokkun friðlýstra svæða	13
III.5 Víðerni, þjóðgarðar, fólkvangar	13
IV. Stjórnkerfið um fólkvanginn	14
IV.1 Lagarammi	14
IV.2 Auglýsing um fólkvanginn.....	15
IV.3 Hlutverk Umhverfisstofnunar	16
IV.4 Náttúruminjaskrá og náttúruverndaráætlun.....	16
V. Útgefið efni um Reykjanesfólkvang.....	17
V.1 Náttúra og saga	17
VI. Náttúruauðlindir	18
VI.1 Landið	18
VI.2 Atlantshafshryggurinn á landi	18
VI.3 Sprungureinar á gosbelti.....	18
VI.4 Berg og hraun	19
VI.5 Loftslag, veður og vatn.....	19
VI.6 Gróður	19
VI.7 Ástand gróðurs	20
VI.8 Uppgræðsla	20
VI.9 Dýr.....	21
VII. Menningar- og samfélagsverðmæti.....	22
VII.1 Saga, minjar og þjóðtrú.....	22
VII.2 Náttúrufréttir - hughrif.....	22
VII.3 Útivist og ferðamennska	23
VII.4 Listir	24
VII.5 Náttúruvísindastörf	25
VII.6 Fræðsla og umhverfismennt.....	25
VIII. Hagnýting og hagsmunahópar	25
VIII.1 Aðilar að máli, ríki og sveitarfélög.....	25
VIII.2 Undanþágur í auglýsingu.....	26
VIII.3 Búrekstur og beit og meðfylgjandi ummerki.....	26
VIII.4 Orkuvinnsla	27
VIII.5 Starfsemi í almannabágu í Krýsuvík	27

VIII.6	Námugróftur	28
VIII.7	Veiðar og eggjataka	28
VIII.8	Skátar og ræktunarfólk	29
VIII.9	Torfæruakstur	29
VIII.10	Ferðafélög, ferðaskrifstofur, ferðamenn	29
VIII.11	Félagslegt og hagrænt gildi - hagsmunaárekstrar	30
IX.	Mannvirki	30
IX.1	Vegir	30
IX.2	Gönguleiðir, merkingar og stígar	31
IX.3	Reykjavegurinn	31
IX.4	Að stíka gönguleiðir	31
IX.5	Leiðir fyrir hross, reið- og vélhjól	32
IX.6	Merkingar	33
IX.7	Tjaldsvæði	33
IX.8	Byggingar	33
IX.9	Girðingar	34
X.	Hugleiðingar og tillögur	34
X.1	Um stjórnskipan	34
X.2	Um markmið og hlutverk	35
X.3	Samanburður við nálæg útivistarsvæði	36
X.4	Næstu skref og stórar spurningar	37
X.5	Brýnustu verkefni	37
	Heimildir	38
	Viðaukar	39

I. Upphafið

I.1 Erindi Sigurðar Þórarinssonar

Seinni heimsstyrjöldin olli byltingu hér á landi. Fólk flyktist í þéttbýlið og tæknivæðing í landbúnaði og vegagerð hóf innreið sína með tilheyrandi röskun á landi. Haustið 1949 flutti Sigurður Þórarinsson, jarðfræðingur, tímamótaerindi á fundi Hins íslenska náttúrufræðifélags. Skömmu síðar endurflutti hann það í útvarpið og síðan var það birt í 1. hefti *Náttúrufræðingsins* árið 1950. Sigurður rakti nokkur dæmi um það sem miður hefði farið í samskiptum manns og náttúru og hvatti til þess að sett yrði löggjöf um náttúruvernd. Í erindinu segir Sigurður m.a.

Ég skal með nokkrum dæmum reyna að skýra, hver þörf er nú orðin hér á löggjöf um náttúruvernd og byrja á því dæmi, sem mér er efst í huga þessa dagana.

Suður í Krísuvík er lítið stöðuvatn, Grænavatn, sem fengið hefur nafn af hinum sérkennilega græna lit vatnsins, er stafar af brennisteinssamböndum. Þetta litla vatn, nokkur hundruð metra breitt, en 45 metra djúpt, er myndað eftir ísöld, við eldgos, sem orðið hefur með sérkennilegum hætti, sem hér er ekki tími til að rekja. Meðal annars hafa í því gosi, sem myndaði vatnið, þeytt upp hraunkúlur, sem hafa gabbrökjarna, en bergtegundin gabbró hefur ekki fundizt annars staðar á Suðvesturlandi. Þetta litla vatn er ófað meðal merkustu náttúrufrýrbrigða í sinni röð, og þar sem það liggur í sérkennilegu umhverfi, við þjóðveg, og ekki nema klukkutíma keyrslu frá höfuðstaðnum, kemur vart sá útlendur jarðfræðingur til landsins, að ekki sé keyrt með hann um Krísuvíkurveg og honum sýnt Grænavatn, og fjöldi annarra útlendinga fer og þann veg. En nú er á einu ári búið að fordjarfa svo þetta fallega og merkilega náttúrufrýrbæri, að hér eftir mun maður blygðast sín fyrir að sýna það nokkrum útlendingi. Svo sem kunnugt er hefur Hafnarfjarðarbær hafið mikla nýsköpun á Krísuvíkursvæðinu og sé fjarri mér að lasta það. Þarna á að verða mikil gróðurhúsarækt og stórt kúabú. Búið er að reisa tvo votheysturna og verið að byggja stórt fjós bak við þá. Gott og blessað. En þessum turnum og fjósi hefur verið valinn undarlegur staður, frammi á norðvesturbakka Grænavatns. Nú er búið að fara um stórt svæði með jarðýtum alveg fram á bakka vatnsins. Með þessu umróti og hinum háu votheysturnum er búið að gjörbreyta svip vatnsins og svipta svæðið þeirri sérkennilegu auðnarstemmingu, er þar ríkti áður. Ég fæ ekki annað séð, en að í því landrými, sem þarna er, hefði, með góðum vilja, verið hægt að koma þaki yfir beljurnar annars staðar en á bakka Grænavatns. Og jafnvel þó að þessi staður hafi, af mér ókunnum ástæðum, verið valinn, var vart nauðsynlegt þetta jarðýtuumrót alveg fram á vatnsbakka. Og ekki nóg með það. Svo virðist, sem nú eigi að fara að nota Grænavatn sem eins konar ruslatunnu. Það er búið að hella hlassi af glerbrotum og drasli niður yfir suðurbakka vatnsins, svo að við blasir vegfarendum langt að.

Nú er auðvitað ekki réttlátt að dæma Hafnfirðinga mjög hart fyrir þetta. Við náttúrufræðingar megum sjálfum okkur um kenna að hafa ekki fylgzt með þessu og bent á það í tíma, hver eftirsjá væri í Grænavatni. Ég hef ekki ástæðu til að efa, að tekið hefði verið tillit til slíkra ábendinga. Það hefði verið betra en ekkert að fá a.m.k. tækifæri til að teikna nákvæmt kort af vatninu og umhverfi þess, áður en því var umturnað. Hefði hér verið komin á náttúruverndarlöggjöf, hefði líklega verið hægt að bjarga Grænavatni frá fordjörfun án þess að „nýsköpun” Hafnarfjarðar í Krísuvík hefði á nokkurn hátt beðið tjón af.

(Sigurður Þórarinsson, 1950)

Erindi Sigurðar vakti mikla athygli. Þegar það var flutt var Eysteinn Jónsson menntamálaráðherra og mun hann hafa haft samband við Sigurð til að biðja hann um að taka sæti í nefnd til að undirbúa löggjöf um náttúruvernd. Það var þó ekki fyrr en haustið 1951 sem sú nefnd var formlega skipuð. Í henni áttu sæti, auk Sigurðar, Ármann Snævarr og að einhverju leyti Finnur Guðmundsson. Frumvarp þeirra var lagt fyrir Alþingi 1954 og ofanefnt erindi Sigurðar er að stórum hluta fellt inn í greinargerð þess. Þetta frumvarp var samþykkt með nokkrum breytingum sem lög árið 1956.

I.2 Náttúruverndarlögin frá 1956 – skilgreiningar á náttúruvernd

Með frumvarpinu sem varð að lögum árið 1956 fylgdi gagnmerk greinargerð. Þar er hugtakið náttúruvernd skilgreint og náttúruvernd skipt í þrennt:

Menningarleg náttúruvernd á að a) koma í veg fyrir spjöll á merkurum náttúruminum, b) friða sjaldgæf náttúrufrirbrigði, dýr, plöntur og fleira, c) leitast við að náttúrunni sé ekki spillt að óþörfu og d) varðveita fögur landsvæði og stuðla að góðri umgengni.

Félagsleg náttúruvernd á að greiða fyrir því að almenningur geti notið náttúrunnar.

Fjármunaleg náttúruvernd á að stuðla að hæfilegri nýtnun hlunninda, það að koma í veg fyrir rányrkju.

Í 1. gr. laganna er kveðið á um friðun náttúruvætta, lífvera og þjóðgarða og í 8. gr. laganna er fjallað um stofnun fólkvangar og á hlutverk þeirra fyrst og fremst að vera að veita almenningi aðgang að náttúrunni eða eins og segir í greinargerð:

„Sú friðun sem þar um getur, helgast af sjónarmiðum félagslegrar náttúruverndar eða náttúrunautnar, ...” (Alþt. 1955-56, bls. 857)

Höfundar frumvarpsins gera skýran greinarmun á fólkvöngum og þjóðvöngum (þjóðgördum). Þjóðvangar verða að vera í ríkiseign (sambærilegir „national parks” í Bandaríkjunum) en fólkvangar eru stofnaðir fyrir tilstuðlan sýslu- eða náttúruverndarnefnda, bæjar- eða sveitarstjórna (og sambærilegir „recreation areas” í BNA). Höfundar gera ráð fyrir að fólkvangar séu t.d. stofnaðir þar sem eru samkomusvæði í sveitum landsins, eða heppileg tjaldsvæði, og telja að fólkvanga sé jafnvel hægt að stofna í þéttbýli.

„Þjóðvangar ... eru stofnaðir í því skyni að varðveita samfelld svæði með sérstæðu landslagi og veita almenningi aðgang að þeim. Þar gætir því mest náttúruverndarsjónarmiða í þrengri merkingu þess orðs. Fólkvangarnir eiga hins vegar fyrst og fremst að rækja félagslegt hlutverk, þ.e. velja á tiltekin landsvæði til þess að skapa almenningi færi á að njóta náttúrunnar. Hér er ekki ætlunin að varðveita sérstætt landslag, heldur aðallega hitt að auka kosti almennings á að njóta náttúrunnar, þótt gert sé að vísu ráð fyrir því, að landið sé friðað.” (Alþt. 1955-56, bls. 871)

Í 9. gr. er kveðið á um skipun náttúruverndarnefnda í sýslum, kaupstöðum og í Reykjavík.

Í 10. gr. er kveðið á um að menntamálaráðherra skipi náttúruverndarráð samkvæmt tilnefningum og er þar gert ráð fyrir þremur náttúrufræðingum, þremur hagsmunaaðilum og lögfræðingi sem sé formaður. Í 28. gr. segir að kostnaður (bætur) við að koma upp fólkvöngum falli í hlut sveitarfélags þar sem fólkvangur er. En hafi slíkir fólkvangar mikið gildi fyrir íbúa tiltekinnar sýslu í heild eða fyrir íbúa margra sveitarfélaga innan sýslu þá sé hægt að krefjast þess að sýslusjóður greiði helming af kostnaði við fólkvanga. Ekki er augljóst í lögnum hver eigi að bera kostnað við rekstur fólkvanga og eftir hverju skuli farið þegar þeir eru í mörgum sveitarfélögum. Í 32. gr. er ríkisstjórninni gert heimilt að sækja um aðild Íslands að Alþjóða náttúruverndarsamtökunum, IUCN.

Lögin frá 1956 voru í gildi þegar hafist var handa um stofnun Reykjanesfólkvangs.

I.3 Áhugi á náttúruvernd á 7. og 8. áratug síðustu aldar

Á seinni hluta sjöunda ártugar síðustu aldar jókst áhugi á náttúruvernd á Íslandi. Áhrifin bárust að einhverju leyti utan lands frá t.d. með bókum eins og bók Rachel Carson, *Raddir vorsins þagna* (útg. á ísl. 1965). Áhugi var einnig að glæðast á náttúruvernd innanlands og augu manna að opnast fyrir árekstrum náttúruverndar og mannlegra umsvifa. Þetta voru ár Laxárdeilunnar og stofnuð voru náttúruverndarsamtök í landshlutunum (SUNN og NAUST) og á landsvísu s.s. Landvernd sem var stofnuð 1968. Það sama ár samþykkti Alþingi að láta endurskoða náttúruverndarlögin.

I.4 Úr fundargerðum náttúruverndarnefndar Reykjavíkur

Í náttúruverndarnefnd Reykjavíkur árið 1967 voru Sverrir Sch. Thorsteinsson, Sturla Friðriksson og Kristján Eldjárn. Á fundi þann 16. okt. 1967 segir Sturla frá fundi sem

Skipulagsstjóri boðaði á fulltrúa náttúruverndarnefnda á Stór- Reykjavíkursvæðinu. Efni fundarins var að hvetja alla þessa aðila til að ganga frá skýrslum eða álitserð til Skipulagsstjóra um hvaða staði eða náttúruvætti bæri nauðsyn til að friða á þessu svæði. Lofaði Sturla á þessum fundi að náttúruverndarnefnd Reykjavíkur skilaði slíkri álitserð hið bráðasta. Þetta var svo verkefni nefndarinnar næstu mánuði og væntanlega annarra náttúruverndarnefnda líka. 27. mars 1968 var aftur fundur hjá Skipulagsstjóra. Þar var þá stofnuð s.k. *Samstarfsnefnd náttúruverndarnefnda á höfuðborgarsvæðinu*. Fyrsti fundur þeirrar nefndar var haldinn 9. apríl 1968. Formaður Samstarfsnefndar var dr. Sigurður Þórarinsson. Á þessum fundi var lögð fram álitserð náttúruverndarnefndar Reykjavíkur. Á fundi 7. maí er lagt til að þessi álitserð verði endurskoðuð og svo send náttúruverndarráði og borgarstjóra.¹ Náttúruverndarnefndin hélt fund í apríl 1969 en þar er ekkert minnst á fólkvang. Síðan koma nokkrar auðar blaðsíður í fundargerðarbókinni og á lausum miða stendur að 8. fundargerð vanti. Því er ekki hægt að sjá, að svo stöddu, hvort náttúruverndarnefndin eða ofanefnd samstarfsnefnd átti einhvern þátt í tillögu sem lögð var fram og samþykkt á borgarstjórnarfundi í október 1969.

I.5 Tillaga um fólkvang

Á fundi borgarstjórnar Reykjavíkur 2. október 1969 lögðu fulltrúar Framsóknarflokksins fram tillögu um friðun landsvæðis á Reykjanesi. Sjálfstæðismenn lögðu fram breytingartillögu og þannig er tillagan samþykkt samhljóða:

Borgarstjórn Reykjavíkur leggur áherzlu á, að landsvæði frá Elliðavatni suður til Krísuvíkurbjargs verði í framtíðinni gert að almenningssvæði (fólkvangi) í beinum tengslum við Heiðmörk og Elliðaárdal.

Borgarstjórn samþykkir því að beita sér fyrir í samstarfi við önnur sveitarfélög við sunnanverðan Faxaflóa og náttúruverndarráð, að gerð verði ítarleg könnun á þessu landsvæði með það fyrir augum, að það verði friðlýst útivistarsvæði fyrir almenning, skv. 1. og 8. gr. laga um náttúruvernd frá 1956.

Landmælingar Íslands færðu umrætt svæði inn á kort og gerðu þar með nákvæma tillögu að mörkum svæðisins sem virðist sú sama og enn gildir. Þann 8. okt. 1969 var ályktunin tilkynnt Samtökum sveitarfélaga í Reykjanesumdæmi (SasiR) og tók stjórn þeirra vel í málið á fundi 20. okt. 1969 og óskaði eftir viðræðum um það. Borgarlögmanni, Páli Líndal, var falið að vinna í málinu. Um svipað leyti var málið einnig kynnt Náttúruverndarráði í bréfi og ráðið lýsir yfir ánægju sinni með samþykkt borgarstjórnar, taldi mikilvægt skref til náttúruverndar þar stigið og lýsti því yfir að það væri reiðubúið til samvinnu um undirbúning málsins. Á þessum tíma var Birgir Kjara formaður Náttúruverndarráðs og Geir Hallgrímsson borgarstjóri.

Árið 1970 voru sveitarstjórnarkosningar og væntanlega nýir fulltrúar í flestum náttúruverndarnefndum. Elín Pálmadóttir varð formaður náttúruverndarnefndar Reykjavíkur, sem nú varð mun stærri en áður, og ritari var Páll Líndal, borgarlögmaður. Sýnast þau hafa borið hitann og þungann af því starfi sem framundan var í að vinna að friðlýsingu fólkvangsins a.m.k. af Reykvíkingum.

I.6 Umsögn frá 1970

Í september 1970 hefur Páll Líndal skrifað greinargerð um fyrirhugaðan fólkvang á Reykjanesi í samráði við Steingrím Gauta Kristjánsson, fulltrúa bæjarfógetans í Hafnarfirði. Tekið er fram að mörk hreppa og lögsagnarumdæma eru óviss og að nokkru leyti umdeild á svæðinu. Þeir lögspekingar veltu fyrir sér hverjir væru aðilar að málinu ýmist vegna þess að þeir eru landeigendur eða eiga mikilla hagsmuna að gæta á svæðinu. Í

¹ Fróðlegt væri að finna þessa álitserð og sambærilegar álitserðir frá öðrum sveitarfélögum og einnig fundargerðir Samstarfsnefndarinnar.

allt eru taldir upp 15 aðilar. Í viðbót við þá kemur fram að yfirvöld Háskólans séu því ekki fráhrerf að jörðin Herdísarvík, sem er eign skólans, verði lögð undir fyrirhugaðan fólkvang svo fremi sem ekki verði um að ræða mjög ströng friðunarákvæði.

Niðurstaða Páls Línal er að friðlýsing lands, þar sem svo margir hagsmunaaðilar koma að og þar sem landið er í svo mörgum sveitarfélögum, yrði mjög flókin. Hann segir það sína skoðun að friðlýsing sem tekur yfir svo mörg sveitarfélög væri eðlilegri í höndum ríkisins. Það sé alltaf óeðlilegt að eitt sveitarfélag taki að sér stjórn mála í öðru sveitarfélagi og hætt sé við að samstjórn sveitarfélaga yrði mjög þung í vöfum.

Nokkrar umræður urðu um greinargerð Páls í borgarráði og víðar. Borgarráð vissi að verið var að endurskoða náttúruverndarlögin og ákvað að senda menntamálaráðuneytinu tillögur Páls um breytingar á lögnum svo einfalda mætti friðlýsingu fólkvangsins. Í bréfi borgarstjóra, Geirs Hallgrímsonar 27. okt. 1970 til menntamálaráðherra, lýsir hann örðugleikum við að friðlýsa fólkvanginn samkvæmt þágildandi lögum og nefnir tillögur til úrbóta. Í bréfinu segir líka:

„Nokkur stofnkostnaður og rekstrarkostnaður yrði í sambandi við fólkvanginn og virðist eðlilegast, að ríkissjóður bæri hann, enda fólkvangar öllum opnir. Engan veginn væri þó útilokað, að þau sveitarfélög, sem teldust einkum njóta góðs af hverjum fólkvangi fyrir sig, tækju tiltekinn þátt í kostnaði. Erfitt er þó að forma ákveðnar reglur um þátttöku í slíkum kostnaði.”

Ákveðið var síðan að láta framkvæmd málsins, þ.e. stofnun fólkvangsins, bíða þar til ný náttúruverndarlög hefðu verið lögfest. Slík lög voru samþykkt frá Alþingi 1971 og þar er ítarleg grein um stofnun og rekstur fólkvanga.

II. Stofnun fólkvangs og stjórnir hans

II.1 Lögin frá 1971 – haldið áfram

Náttúruverndarlög frá 1971 breyttu miklu í náttúruvernd á Íslandi. Farið var að halda Náttúruverndarþing sem kusu Náttúruverndarráð. Náttúruverndarráð fékk skrifstofu og starfsfólk og gífurlegur fjöldi svæða var friðlýstur á 8. áratugnum. Fyrsta Náttúruverndarþingið var haldið 1972 og hvatti það eindregið til stofnunar fólkvangs á Reykjanesi. Fyrsti formaður nýskipaðs Náttúruverndarráðs var Eysteinn Jónsson en hann var mikill áhugamaður um Reykjanes og skrifaði lýsingu á því sem var ætlað að koma út í bók á vegum Menningarsjóðs² sem ekki varð.

Reykjanesfólkvangur var stofnaður á grunni laganna frá 1971 og fjallar 26. gr. laganna um fólkvanga. Forsendur fólkvanga teljast enn þær sömu og fyrr en í lögnum er ýtarlega farið yfir hvernig skuli standa að stofnun fólkvanga. Þar segir m.a., og eru þessi ákvæði enn í lögum lítið breytt, sjá síðar:

„Nú óskar eitt sveitarfélag eða fleiri, að tiltekið svæði verði lýst fólkvangur, og skal það (þau) þá bera fram ósk til Náttúruverndarráðs um slíkt. ...

...

Sveitarfélög, sem hlut eiga að máli, bera allan kostnað, sem beinlínis leiðir af stofnun og rekstri fólkvangs, að því leyti sem ekki koma til framlög úr ríkissjóði, og skal þeim kostnaði skipt í hlutfalli við íbúatölu sveitarfélaganna, næsta ár á undan. Ef sveitarfélag hættir þátttöku í undirbúningi að stofnun fólkvangs, er því skylt að greiða áfallin kostnað hlutfallslega.

Sveitarfélög, sem standa að rekstri fólkvangs, stofna með sér samvinnunefnd, er starfar í samráði við Náttúruverndarráð. Í samvinnusamningi skal kveðið á um fjölda nefndarmanna og starfshætti nefndarinnar. Ef ekki er öðruvísi ákveðið, ræður afl atkvæða. Þegar um er að ræða atriði, sem hafa sérstakan kostnað í för með sér, fer þó um atkvæðisrétt eftir greiðsluhlutföllum aðila.

...”

² Hvar er handrit Eysteins?

Haustið 1971 samþykkti náttúruverndarnefnd Reykjavíkur og borgarráð stofnun fólkvangsins og sendi erindi um það til Náttúruverndarráðs sem samþykkti það og lýsti yfir fullum stuðningi við það í bréfi dags. 31. jan. 1972. Strax daginn eftir sendi náttúruverndarnefndin erindi um fólkvanginn til eftirfarandi 15 aðila: Bæjarstjórn Kópavogs, Hafnarfjarðar og Keflavíkur. Hreppsnefndar Grindavíkur-, Hafna-, Miðnes-, Gerða-, Njarðvíkur, Vatnsleysustrandar-, Garða- og Bessastaðahreppa í Gullbringusýslu og Seltjarnarnes-, Mosfells-, Kjalarnes- og Kjósarhrepps í Kjósarsýslu. Í bréfinu var sett fram tillaga um stofnun fólkvangsins, mörk hans og fyrstu drög að reglum sem þar skyldu gilda. Sum sveitarfélög höfnuðu fólkvanginum í byrjun, önnur voru honum strax fylgjandi, enn önnur sýnast aldrei hafa komið að málinu. Nú tók við tími mikilla fundarhalda og umræðna fulltrúa sveitarstjórna í Reykjanesfólkvangi.

Vorið 1972 kom fram tillaga um að auka Bláfjallasvæðinu við fólkvanginn og skipuleggja það fyrir skíðamenn. Um þann hluta var sátt og svo fór að Bláfjallasvæðið var tekið út úr og tæplega ári seinna, eða í mars 1973, var Bláfjallafólkvangur stofnaður. Þau sveitarfélög sem stóðu að stofnun hans í upphafi voru Reykjavík, Kópavogur, Seltjarnarnes- og Selvogshreppur. Með reglugerð frá 1985 bættust nokkur sveitarfélög við og þau sem nú eiga aðild að Bláfjallsnefnd, sem hefur með skíðasvæðin í Bláfjöllum og Skálafelli að gera eru: Reykjavík, Kópavogur, Hafnarfjörður, Reykjanesbær, Garðabær, Mosfellsbær, Seltjarnarnes, Grindavík, Álftanesbær, Sandgerði, Gerðahreppur og Vatnsleysustrandahreppur. Margoft kemur fram að menn litu á stofnun Bláfjallafólkvangs sem fyrsta áfanga Reykjanesfólkvangs en áfangaskipti væru nauðsynleg við stofnun hans vegna ýmissa óvissuatriða sem snertu þann hluta fyrirhugaðs fólkvangs sem er sunnar og vestar.

Fundarhöld um Reykjanesfólkvang héldu áfram. Sveitarstjórnir settu fyrirvara eða féllu frá þeim en loks náðist samkomulag og 19. feb. 1975 var tillaga um Reykjanesfólkvang send Náttúruverndarráði. Ráðið auglýsti fólkvanginn í Lögbirtingarblaðinu 4. apríl 1975 og gaf 8 vikna frest til athugasemda. Tekið var tillit til athugasemda sem bárust og auglýsing um fólkvang á Reykjanesi var undirrituð af menntamálaráðherra 1. des. 1975. Að stofnun hans stóðu að lokum: Reykjavík, Kópavogur, Seltjarnarnes, Hafnarfjörður, Keflavík, Grindavík, Garðahreppur, Njarðvíkurhreppur og Selvogshreppur.

II.2 Fyrstu árin

Vorið 1974 var umhverfismálaráð Reykjavíkur stofnað með því að sameina náttúruverndar- og fegrunarnefndir borgarinnar svo og stjórn Árbæjarsafns. Elín Pálmadóttir, sem verið hafði formaður náttúruverndarnefndarinnar og sem slík unnið mikið að stofnun fólkvangsins, varð fyrsti formaður umhverfismálaráðs. Við þetta stækkaði mjög verkefnasvið nefndarinnar og hún fór að fjalla um alls kyns umhverfismál innan borgarinnar, gömul hús, fegrun borgarinnar, mengun o.fl. Þarna virðist Reykjanesfólkvangur hafa orðið neðarlega á forgangslista. Aldrei er minnst á hann í fundargerðum ráðsins allt árið 1976. Það er ekki fyrr en 25. október 1977 sem Elín Pálmadóttir er tilnefnd sem fulltrúi Reykjavíkur í stjórn fólkvangsins. Þó virðist ekkert gerast, a.m.k. ef tekið er mið af fundargerðum umhverfismálaráðs.

Sveitarstjórnarkosningar voru vorið 1978 og breytt borgarstjórn tók við í Reykjavík. Álfrheiður Ingadóttir varð formaður umhverfismálaráðs og áfram virðast engin tengsl vera á milli ráðsins og Reykjanesfólkvangs, ekki einu sinni er að sjá að umhverfismálaráðið hafi skipað fulltrúa Reykjavíkur í það. Eftir að stjórn fólkvangsins fór að halda fundi voru þó fundargerðir stjórnarinnar lagðar fram á fundum ráðsins en 1. fundur stjórnar Reykjanesfólkvangs var haldinn 15. júní 1979, þremur og hálfu ári eftir að fólkvangurinn var stofnaður.

II.3 Stjórnir Reykjanesfólkvangs

Á fyrsta fund fólkvangsstjórnar, sem var haldinn 15. 6. 1979, mættu fulltrúar frá Reykjavík, Kópavogi, Hafnarfirði, Garðabæ, Keflavík, Grindavík, Njarðvík og Seltjarnarnesi (reyndar aðeins áheyrnarfulltrúi) en tekið er fram að ekki sé búið að skipa fulltrúa frá Selvogshreppi. Svo er að sjá að það hafi ekki enn verið gert árið 2004 þó svo hreppurinn eigi enn aðild að fólkvanginum samkvæmt auglýsingu. (Reyndar kemur fram í fréttatilkynningu, sem var send út nokkru eftir fyrsta fundinn, að fulltrúi Selvogshrepps sé Þórarinn Snorrason, Vogsósum II, Selvogi.) Selvogshreppur er nú ekki lengur til sem slíkur eftir að hann sameinaðist Ölfushreppi árið 1988. Stjórn fólkvangsins skipti með sér verkum og skipaði sér framkvæmdastjórn. Þessi fyrsta stjórn hélt 19 fundi á þremur árum. Stjórnin virðist hafa unnið í nánú samráði við Náttúruverndarráð sem átti fulltrúa á lang flestum fundum stjórnarinnar. Stjórnin fór í skoðunarferðir um fólkvanginn og umræðu- og úrlausnar efni voru þá sem nú; kynning á fólkvanginum, merkingar, jarðrask, vegagerð, lokun slóða, framkvæmda- og fjárhagsáætlanir, efnistaka, gróðurathuganir, búfé, bæklingur, göngustígar, eftirlit og ýmis svæði innan fólkvangsins.

	1978	1982	1986	1990	1994	1998	2002
Reykjavík	Vilhelm Andersen	Elín Pálmadóttir, Sigurður Sigurðarson	Kolbeinn Pálsson	Kolbeinn Pálsson	Jón Leví Tryggvason	Jón Leví Tryggvason	Hrefna Sigurjónsdóttir
Kópavogur	Sigríður Einarsdóttir	Kristmundur Halldórsson	Birgir H. Sigurðsson, Helga Jónsdóttir	Birgir H. Sigurðsson	Óttar B. Ellingsen	Ingi Þór Hermannsson	Guðmundur Þór Björnsson
Seltjarnarnes	Karl B. Guðmundsson	Jóhannes Jónsson	Karl B. Guðmundsson	Hildur Jónsdóttir	Hildur Jónsdóttir	Hildur Jónsdóttir	Hildur Jónsdóttir, Egill Jóhannsson
Hafnarfjörður	Eggert Ísaksson	Þorgeir Ibsen, Torfi Kristinsson	Svend Aage Malmberg	Yngvi Rafn Baldvinsson	Hjörtur Gunnarsson, Ármann Jóhannesson	Sveinn Elísson	Yngvi Rafn Baldvinsson
Keflavík	Guðleifur Sigurjónsson	Halldór Ibsen, Erlingur Jónsson	Garðar Schram, Trausti Björnsson	Vilhjálmur Grímsson, Þorsteinn Marteinson			
Njarðvík	Áki Gränz	Áki Gräns, Helga Óskarsdóttir	Ólafur Eyjólfsson	Sveinborg Danielsdóttir			
Reykjanes-Bær					Sólveig Þorsteinsdóttir	Helgi Kristjánsson, Jóhann D. Jónsson	Jóhann D. Jónsson
Garðabær	Ólafur Nilsson	Ólafur Nilsson, Stefánía Magnúsd.	Stefanía Magnúsdóttir, Örn Eiðsson	Örn Ottesen	Örn Ottesen	Örn Ottesen	Örn Ottesen
Grindavík	Haukur Guðjónsson	Stefán Tómasson	Haukur Guðjónsson, Stefán Tómasson	Haukur Guðjónsson	Haukur Guðjónsson	Haukur Guðjónsson	Ingibjörg Reynisdóttir
Selvogur	Þórarinn Snorrason?						

Tafla I. Stjórn Reykjanesfólkvangs frá upphafi. Fulltrúar Reykjavíkur hafa verið stjórnarformenn og setið í framkvæmdaráði ásamt tveimur fulltrúum, oftast frá Kópavogi, Seltjarnarnesi eða Garðabæ.

Næsta stjórn, frá 1982 – 1986, hélt átta fundi. Hér virðast tengslin við Náttúruverndarráð rofna. Fulltrúar ráðsins sátu engan fund stjórnarinnar en

framkvæmdastjóri þess fór með stjórn fólkvangsins einu sinni í skoðunarferð. Á öðrum fundi þessarar stjórnar tók Björn B. Höskuldsson við ritun fundargerða og sat alla fundi og það gerði líka Guðmundur Sigurjónsson eftirlitsmaður fólkvangsins frá árinu 1981.

Þriðja stjórn fólkvangsins frá 1986-1990 hélt sjö fundi. Fulltrúar Reykjavíkur, Garðabæjar og Kópavogs skipuðu framkvæmdaráð eins og verið hafði. Guðmundur og Björn sátu áfram alla fundi og Björn ritaði fundargerðir.

Fjórtða stjórn fólkvangsins sat frá 1990-1994. Hún hélt átta stjórnarfundum og fjóra framkvæmdaráðsfundi en fundargerðir voru ekki skráðar á þeim síðarnefndu. Björn og Guðmundur sátu áfram á fundum. Auk þessara funda átti formaður fund með umsjónarmönnum Bláfjalla- og Reykjanesfólkvangs ásamt starfsmönnum Náttúruverndarráðs.

Fimmta stjórn Reykjanesfólkvangs hélt sinn fyrsta fund í október 1994 og var það 43. fundur stjórnarinnar. Stjórnin hélt 11 fundum og framkvæmdastjórn jafn marga. Þetta sýnist vera fyrsta stjórnin sem dró saman störf sín í starfsskýrslum fyrir hvert ár og skráði að einhverju leyti mál sem tekin voru fyrir á framkvæmdarstjórnarfundum.

Sjötta stjórn fólkvangsins hélt 54. fund fólkvangsins í nóvember 1998 og í allt 10 fundum á sínu kjörtímabili. Björn B. Höskuldsson skrifaði 62. fundargerð stjórnar og lauk þar með ritastörfum en Magnús Haraldsson tók við. Á fyrsta fundi ársins 2001 mætti fulltrúi frá Náttúruvernd ríkisins og var þá gert samkomulag um að senda stofnuninni fundarboð með dagskrá og gæti þá fulltrúi hennar óskað eftir þátttöku um einstök mál. Ekki er að sjá að til þess hafi komið.

Fyrsti fundur núverandi stjórnar var haldinn í október 2002 og var 64. fundur stjórnar frá upphafi. Magnús Haraldsson skrifaði fundargerðir til og með 70. fundum en eftir það tók Þórólfur Jónsson við sem starfsmaður stjórnarinnar auk Guðmundar Sigurjónssonar sem enn er eftirlitsmaður fólkvangsins og tekur þátt í stjórnarfundum. Í lok september 2004, þegar núverandi kjörtímabil er u.þ.b. hálfnað, hefur stjórnin haldið 11 fundum og farið eina ferð í fólkvanginn.

III. Friðlýst svæði

III.1 Náttúrufriðun

Í fyrstu voru helstu ástæður friðlýsinga þær að tryggja aðgang almennings að náttúru og sú siðferðilega skylda núlifandi kynslóða að virða rétt afkomenda til að njóta óraskaðs lands, sérstaklega ef um var að ræða sérlega fagurt land. Einnig var litið á ákveðin landsvæði sem sameiningartákn þjóða á svipaðan hátt og þjóðfáni og þjóðsöngur sem enginn einn mátti eignast eða ráðskast með. Með aukinni vísindalegri þekkingu bættust við aðrar ástæður friðlýsinga svo sem þær að koma í veg fyrir útdauða tegunda með því að friða búsvæði þeirra og að halda í landslagsheildir og sérstakar eða dæmigerðar jarðmyndanir. Einnig að vernda menningarlega mikilvæg svæði svo sem búsetulandslag og sögustaði. Friðlýst svæði eru mikilvæg til að auka möguleika á að rannsaka náttúruna og kenna um hana og til að hafa óröskuð svæði til samanburðar við nytjuð svæði. Friðlýst svæði tryggja fólki tækifæri til útivistar sér til ánægju og heilsuþótar og auka þannig lífsgæði þjóða. Með aukinni tæknivæðingu og borgarmyndum verður sífellt greinilegri djúpstæð þörf fólks fyrir samneyti við náttúru og sú náttúrunautn sem fólk sækir í útivist virðist í mörgum tilfellum því dýpri sem náttúran er óraskaðri. Friðlýst svæði geta einnig aukið efnahagslega hagsæld íbúa nærliggjandi byggðarlaga eða landsins í heild vegna jákvæðrar ímyndar og aukins ferðamannastraums. Möguleikar þjóða til að friðlýsa hluta af landi eru ákaflega mismiklir og eru meiri en ella ef enn eru til stór svæði lítt eða ósnortin í landinu, land er að litlum

hluta í einkaeign, stór hluti landsins er ófýsilegur til búsetu og landið býður upp á tiltölulega fáar gerðir landnýtingar.

III.2 Náttúruminjaskrá

Menn gera sér almennt grein fyrir og viðurkenna að þörf er á sértækum ráðstöfunum til að vernda umhverfi og náttúru þannig að komandi kynslóðir fái notið náttúrugæða ekki síður en þær kynslóðir sem nú lifa. Náttúruvernd og sjálfbær nýting fara víðast saman en þó er það svo að sums staðar eru aðstæður þannig að takmarka þarf eða koma í veg fyrir nýtingu, a.m.k. um stundarsakir, til að markmiðum náttúruverndar verði náð. *Náttúruminjar* eru svæði eða fyrirbæri í náttúrunni sem talin eru mikils virði vegna vistfræði, menningar, fegurðar eða vísinda eða hafa mikið félagslegt gildi.

Skráning náttúruminja á Íslandi var lengst af með þeim hætti að náttúruverndarnefndir, náttúrufræðistofnanir og fleiri sendu tillögur um náttúruminjar til náttúruverndaryfirvalda sem fóru yfir þær og settu þær á náttúruminjaskrá ef tilefni þóttu til. Síðan var unnið að friðlýsingum mikilvægra náttúruminja í samvinnu við landeigendur og alla hlutaðeigandi í málinu og næðist samkomulag allra var svæðið friðlýst. Forsendur og aðstæður til friðlýsinga eru ólíkar frá einu svæði til annars og eftir þeim fer í hvaða friðlýsingarflokk svæðið fellur og hvaða reglur eru settar um það. Síðasta náttúruminjaskrá sem gerð var með þessum hætti var gefin út af Náttúruverndarráði árið 1996. Þá voru 80 friðlýst svæði á landinu en auk þeirra voru á náttúruminjaskrá 324 svæði.

Samkvæmt náttúruverndarlögum frá 1999 skal umhverfissráðherra láta vinna *náttúruverndaráætlun* fyrir landið allt á fimm ára fresti og leggja hana fyrir Alþingi. Í kjölfar umfjöllunar Alþingis gefur síðan umhverfissráðherra út náttúruminjaskrá og birtir í Stjórnartíðindum. Fyrsta náttúruverndaráætlunin kom úr 2003 og var samþykkt á Alþingi vorið 2004.

III.3 Flokkar friðlýstra svæða á Íslandi

Segja má að tvær meginforsendur séu fyrir því að land er tekið frá, þar dregið úr hefðbundnum nytjum eða þær jafnvel alveg stöðvaðar, og landið friðlýst. Annars vegar er þetta gert til að friða eða vernda náttúru svæðisins af einhverjum ástæðum eða hins vegar til að tryggja að almenningur geti farið um landið og notið þess. Flest friðlýst svæði byggja á báðum þessum forsendum en svo þarf ekki að vera.

Friðlýst svæði á Íslandi falla aðallega í fjóra flokka, náttúruvætti, friðlönd, þjóðgarða og fólkvanga (sjá viðauka) og þrjú svæði eru friðlýst með sérstökum lögum, Þingvellir, Mývatn-Laxá og Breiðafjörður. Þær forsendur sem settar voru í upphafi við setningu náttúruverndarlaga um hina mismunandi flokka friðlýstra svæða eru enn lítið breyttar. *Náttúruvætti* eru merkilegar náttúruminjar sem oft eru á tiltölulega afmörkuðu svæði svo sem foss, fjall eða gígaröð. Dæmi um náttúruvætti er t.d. Eldborgir undir Geitahlíð og Skógafoss. *Friðlönd* eru landsvæði sem mikilvægt er að varðveita vegna sérstaks landslags eða lífríkis. Friðlönd eru fjölbreyttasti flokkur friðlýstra svæða. Þau eru bæði smá og víðfeðm og sum njóta strangrar friðunar en reglur um önnur þeirra eru rúmar. Dæmi um friðlönd eru t.d. Surtsey og Friðland að Fjallabaki. Engin skilyrði eru um eignarhald á náttúruvættum og friðlöndum en svæðin eru í yfirumsjón náttúruverndaryfirvalda. *Þjóðgarðar* skulu uppfylla báðar meginforsendur friðlýsinga. Þeir skulu vera sérstæðir hvað varðar náttúru, lífríki eða sögu og greiða á fyrir aðgangi almennings að þeim án þess þó að náttúra svæðanna hljóti skaða af. Þjóðgarðar skulu vera í ríkiseign nema sérstakar ástæður mæli með öðru og um það náist samkomulag á milli ráðherra og landeiganda. Megintilgangur *fólkvanga* er að veita fólki tækifæri til útivistar. Sums staðar er náttúra fólkvanga ekkert sérstök en mikilvægt þykir að taka landið frá til

almenningsnota og útivistar vegna nálægðar þess við þéttbýli. Fólkvangar eru í umsjón viðkomandi sveitarfélaga og reknir af þeim. Í núgildandi náttúruverndarlögum er líka skilgreining á ósnortnu víðerni en ekkert svæði hefur enn fengið formlega friðlýsingu sem slíkt.

Ósnortið víðerni: Landsvæði sem er a.m.k. 25 km² að stærð eða þannig að hægt sé að njóta þar einveru og náttúrunnar án truflunar af mannvirkjum eða umferð vélknúinna farartækja á jörðu, er í a.m.k. 5 km fjarlægð frá mannvirkjum og öðrum tæknilegum ummerkjum, svo sem raflinum, orkuverum, miðlunarlónum og þjóðvegum, og þar sem ekki gætir beinna ummerkja mannsins og náttúran fær að þróast án álags af mannlegum umsvifum.

Stofnun þjóðgarða setur mesta kvöð á stjórnvöld. Ef umrætt land er ekki í ríkiseign þarf ríkið að kaupa landið eða að ná samningum við landeigendur um að þeir láti af hendi yfirráðarétt sinn á landinu. Einnig verða stjórnvöld að koma upp aðstöðu í þjóðgörðum til að auðvelda almenningi að njóta svæðisins og ráða starfsfólk á svæðið til eftirlitsstarfa og þjónustu. Stundum heyrast haft eftir erlendum ferðamönnum að í raun ætti mest allt Ísland að vera þjóðgarður. Ekki er vafi á að miklu fleiri og stærri svæði á Íslandi en þau sem nú eru þjóðgarðar gætu, hvað náttúru-, menningar og útivistargildi áhrærir, uppfyllt öll skilyrði þjóðgarða. Svæði sem eru fyllilega þjóðgarðsigildi án þess að lagt hafi verið í að reyna að friðlýsa þau sem slík eru t.d. Hornstrandir, Friðland að Fjallabaki og Lónsöræfi sem öll eru friðlönd og svo hugsanlega Reykjanesfólkvangur.

III.4 Alþjóðleg flokkun friðlýstra svæða

Á sviði náttúruverndar er samstarf þjóða nauðsynlegt. Tvær heimstýrjaldir komu í veg fyrir stofnun alþjóðlegra samtaka um náttúruvernd allt til ársins 1948. Þá voru Alþjóðanáttúruverndarsamtökin - IUCN stofnuð fyrir tilstuðlan Menningarmálastofnunar Sameinuðu þjóðanna (UNESCO) og fleiri aðila. IUCN eru nú vettvangur 79 þjóðríkja og 114 ríkisstofnana um náttúruvernd og skynsamlega nýtingu náttúruauðlinda. Íslendingar urðu aðilar að IUCN árið 1973.

Árið 1959 óskuðu Sameinuðu þjóðirnar eftir því við IUCN að samtökin skráðu og flokkuðu friðlýst svæði í heiminum. Slík skrá friðlýstra svæða kom fyrst út árið 1961 og hefur síðan verið margendurskoðuð. IUCN flokkar svæði í sex friðlýsingarflokka (flokka I-VI) eftir markmiðum friðlýsingar, (sjá töflu II). Meginmarkmiðið er vernd náttúrunnar til langs tíma en ekki er gert ráð fyrir að alltaf sé um að ræða ósnortna náttúru. Í raun er aðeins gerð krafa um að svæði sem friðlýst eru í flokki I, II og VI séu náttúruleg og skilgreining IUCN á náttúrulegu svæði er:

Svæði þar sem maðurinn hefur frá því í iðnbyltingu (1750) hvorki a) haft meiri áhrif á vistkerfið en nokkur önnur innlend tegund né b) breytt gerð vistkerfisins.

Skilgreiningunni fylgir sá fyrirvari að enginn staður á Jörðinni sé í raun ósnortinn þar eð mengun og loftslagsbreytingar af manna völdum virða ekki landamæri. Skilgreiningin nær því ekki til loftslagsbreytinga.

III.5 Víðerni, þjóðgarðar, fólkvangar

Víðerni og þjóðgarða er aðeins hægt að stofna á ósnortnum, náttúrulegum svæðum. Slík svæði njóta því meiri virðingar en fólkvangar sem flestar þjóðir geta og hafa stofnað.

Með friðlýsingu víðerna er fyrst og fremst verið að taka frá ósnortin, stór svæði en stöðugt verður minna um slíkt land í heiminum. Á víðernum er leyfð takmörkuð ferðamennska en hún á hvorki að móta landið né trufla þau áhrif sem þangað má sækja. Ferðamenn eiga að ganga að kyrrð og einveru vísri. Tiltölulega stutt er síðan farið var að skilgreina víðerni en gildi þeirra eykst stöðugt í ysi og þysi nútímans.

Hlutverk þjóðgarða er að vernda sérstaka náttúru og að gera fólki kleift að njóta hennar nú og í framtíð. Tvíþætt hlutverk þjóðgarða kallar á árekstra. Snúið getur verið að

veita fólki aðgang að náttúruundrum og vernda þau um leið. Þjóðgarðar Bandaríkjanna eru margir góð dæmi um að þetta er hægt með stjórnun, fræðslu og vel skipulögðum göngustígum. Þjóðgarðar, rétt eins og víðerni, hafa mikið auglýsingagildi í ferðamennsku.

Fólkvangar eru verndarsvæði landslags stofnaðir til útivistar. Ekki er skilyrði að land sé náttúrulegt heldur er gert ráð fyrir að það sé mótað af fólki eftir langa mannvist á svæðinu. Fólkvangar eru gjarnan stofnaðir nálægt þéttbýli, oft með skiðalyftum eða golfvöllum. Einnig hafa verið sett í þennan flokk svæði þar sem frá fyrri tíð eru mannvirki, eins og virkjanir eða uppistöðulón, sem hafa breytt ásýnd lands og náttúru. Fólkvangar eru líka stofnaðir til að létta álagi af þjóðgörðum. Ruglingi veldur að sumir fólkvangar eru kallaðir þjóðgarðar frá gamalli tíð eins og þjóðgarðarnir/fólkvangarnir í Bretlandi, og víðar í Evrópu, sem voru stofnaðir áður en IUCN hóf að skilgreina friðlýst svæði. Mjög margar þjóðir, ekki síst í þéttbýlum löndum Evrópu, eiga þess ekki lengur kost að stofna þjóðgarða vegna kröfunnar um að land þar sé náttúrulegt. Þar sem meginmarkmið fólkvanga er að auðvelda fólki útivist er gerð krafa um góða þjónustu við ferðamenn í fólkvöngum.

Flokkur	Heiti	Markmið friðlýsingar	Dæmi um svæði
Ia	Rannsóknafriðland	Vísindarannsóknir	Surtsey
Ib	Víðerni	Að friðlýsa óbyggðir	Engin hérlandis
II	Þjóðgarður	Að vernda náttúru og styðja útivist	Skaftafell, þjóðgarðar í USA
III	Náttúruvætti	Að varðveita ákveðið náttúru fyrirbrigði	Skógafoss, Eldborg
IV	Verndarsvæði lífríkis	Að varðveita búsvæði eða tegundir með íhlutun	Hvanneyri
V	Verndarsvæði landlags, (fólkvangur)	Að vernda land- eða hafsvæði til útivistar.	Reykjanesfólkvangur?, þjóðgarðar í UK
VI	Auðlindaverndarsvæði	Að varðveita svæði þar sem náttúruleg vistkerfi eru nýtt á sjálfbæran hátt	Engin

Tafla II: Flokkun IUCN á friðlýstum svæðum. Hver flokkur á sína ítarlegu skilgreiningu, sjá skilgreiningu á víðerni, þjóðgarði og fólkvangi í viðauka.

IV. Stjórnkerfið um fólkvanginn

IV.1 Lagarammi

Nú eru í gildi náttúruverndarlög frá 1999 lítillega aðlöguð því að Náttúruvernd ríkisins var færð undir Umhverfisstofnun árið 2002. Í 3. grein laganna eru fólkvangar skilgreindir og gr. 55-58 eru um fólkvanga. Í 57. gr. er kveðið á um sérstakan samvinnusamning sveitarfélaga. Slíkur samningur hefur ekki fundist um Reykjanesfólkvang en líta má á auglýsingu um fólkvanginn sem slíkan samning.

Úr núverandi náttúruverndarlögum:

Fólkvangur: Landsvæði í umsjón sveitarfélags eða sveitarfélaga sem friðlýst hefur verið til útivistar og almenningsnota. (Úr 3. gr.)

55. gr. Stofnun fólkvangs.

Umhverfísráðherra getur, að fengnum tillögum hlutaðeigandi sveitarfélags eða sveitarfélaga og álitum Umhverfisstofnunar, lýst tiltekið landsvæði, sem ætlað er til útivistar og almenningsnota, fólkvang.

Vilji eitt sveitarfélag eða fleiri að tiltekið svæði verði lýst fólkvangur skal það eða þau gera tillögu um slíkt til Umhverfisstofnunar þar sem m.a. skal gerð grein fyrir mörkum fólkvangsins og hvaða

takmarkanir ákvörðun um fólkvangur kunnir að setja umráðarétti eigenda eða rétthafa viðkomandi landsvæðis.

56. gr. Kostnaður við stofnun og rekstur fólkvangs.

Hlutaðeigandi sveitarfélög bera allan kostnað af stofnun og rekstri fólkvangs að því leyti sem ekki koma til framlög úr ríkissjóði og skal honum skipt í hlutfalli við íbúatölu sveitarfélaganna næsta ár á undan. Hætti sveitarfélag þátttöku í undirbúningi að stofnun fólkvangs er því skylt að greiða áfallinn kostnað hlutfallslega.

57. gr. Samvinnunefnd um rekstur fólkvangs.

Sveitarfélög sem standa að rekstri fólkvangs skulu gera með sér samvinnusamning og stofna samvinnunefnd sem starfar í samráði við Umhverfisstofnun. Í samvinnusamningi skal kveðið á um fjölda nefndarmanna og starfshætti nefndarinnar. Ef ekki er öðruvísi ákveðið ræður afl atkvæða. Þegar um er að ræða atriði sem hafa sérstakan kostnað í för með sér fer þó um atkvæðisrétt eftir greiðsluhlutföllum aðila, sbr. 56. gr.

58. gr. Undirbúningur friðlýsingar.

Umhverfisstofnun annast undirbúning friðlýsingar, sbr. þó 2. mgr. 55. gr. ... Umhverfisstofnun skal gera drög að friðlýsingarskilmálum og leggja fyrir landeigendur, viðkomandi sveitarfélög og aðra sem hagsmuna eiga að gæta.

Náist samkomulag um friðlýsingu skal málinu vísað til umhverfisráðherra til frekari ákvörðunar.

IV.2 Auglýsing um fólkvanginn

Ekki er að sjá að auglýsingu um Reykjanesfólkvangur hafi nokkru sinni verið breytt frá því að hún var samþykkt í menntamálaráðuneytinu 1. des. 1975. Þar er t.d. Selvogshreppur talinn upp sem einn aðili fólkvangsins en virðist aldrei hafa verið það í raun.

Auglýsingin er í Stjórnartíðindum B, nr. 520/1975. Í auglýsingunni er mörkum fólkvangsins lýst og síðan tíundaðar reglur sem þar gilda. Gangandi fólki er heimil för um allan fólkvanginn nema innan girðinga um vatnsból og ræktað land. Allt jarðrask er bannað innan fólkvangsins nema með leyfi Umhverfisstofnunar en undanskilin hagnýting jarðhita, t.d. í Krýsuvík, og mannvirkjagerð í því sambandi. Jafnframt skal ekki haggja eðlilegri nýtingu til búrekstrar og réttur til beitar er ekki skertur né heldur réttur í Krýsuvík til starfsemi í almannabágu. Gert er ráð fyrir að skipulegur námurekstur, sem rekinn var innan fólkvangsins þegar auglýsingin var birt í Stjórnartíðindum, megi haldast.

Í auglýsingunni gera öll sveitarfélögin þann fyrirvara að stofnun fólkvangsins raski ekki á neinn hátt eignarétti lands. Einnig er tekið fram að ef skorið verði úr vafa um mörk Grindavíkurkaupstaðar og Vatnsleysustrandarhrepps með samkomulagi eða dómi verði mörk fólkvangsins færð til í samræmi við það. Samvinnunefnd sveitarfélaganna allra skal fara með stjórn fólkvangsins og vera skipuð einum fullrúa frá hverjum aðila.



IV.3 Hlutverk Umhverfisstofnunar

Samkvæmt náttúruverndarlögum skal samvinnunefnd fólkvangs starfa í samráði við Umhverfisstofnun. Í auglýsingu um Reykjanesfólkvang er tekið fram að allt jarðrask sé bannað innan fólkvangsins nema með leyfi Umhverfisstofnunar. Ef frá er talið fyrsta kjörtímabil fólkvangsins sýnist samvinna við Náttúruverndarráð/Náttúruvernd ríkisins/Umhverfisstofnun hafa verið frekar lítil í gegnum árin.

IV.4 Náttúruminjaskrá og náttúruverndaráætlun

Það hve náttúra Reykjanes er sérstök endurspeglast í því að fjölmörg svæði á nesinu hafa verið á náttúruminjaskrá árum saman, til dæmis stór svæði vestan Reykjanesfólkvangs. Svæði sem tengjast fólkvanginum beint eru Eldborg undir Geitahlíð sem er friðlýst náttúruvætti innan fólkvangsins frá 1987 og Herdísarvík, friðlýst sem friðland austan fólkvangsins árið 1988. Austan Herdísarvíkur er svæði á náttúruminjaskrá nr. 758, Stakkavík og Hlíðarvatn í Selvogi, og á vesturjaðri fólkvangsins eru tvö svæði á náttúruminjaskrá, nr. 101 Keilir og Höskuldarvellir og nr. 102 Katlahraun við Selatanga. Að norðanverðu tengist svo Reykjanesfólkvangur Bláfjallafólkvangi og skógræktarsvæðinu Heiðmörk sem aftur tengist Rauðhólaafólkvangi. Innan þessara svæða eru á náttúruminjaskrá svæði nr. 115 Búrfell og Búrfellsgjá og nr. 125 Myllulækjartjörn í Heiðmörk og tengsl eru við önnur svæði eins og nr. 114 Vífilstaðavatn og Hraunholtslæk og nr. 124 Elliðaárdal. Þannig tengist þessi heild náttúrusvæða inn í byggð höfuðborgarsvæðisins.

Umhverfisstofnun aflar gagna vegna náttúruverndaráætlunar í samvinnu við Náttúrufræðistofnun og fleiri. Náttúruverndaráætlun frá árinu 2003 er sagt fyrsta skref í þá átt að koma á fót skipulegu neti verndarsvæða á landinu til að tryggja lágmarksvernd líffræðilegrar og jarðfræðilegrar fjölbreytni. Fram kemur að góðar upplýsingar séu til um plöntur og fugla sem séu meginviðfangsefni þessarar áætlunar en unnið sé að flokkun og skráningu jarðminja, stöðuvatna og vistgerða og þess vænst að hægt verði að ljúka grunnskráningu og kortlagningu landsins í tíma fyrir næstu náttúruverndaráætlun sem á að koma út eigi síðar en árið 2008.

Samtals voru unnar 119 tillögur á landinu öllu vegna náttúruverndaráætlunar og valdi Umhverfisstofnun 77 þeirra til birtingar í drögum að náttúruverndaráætlun. Þau voru send til umsagnar til sveitarfélaga, stofnana og félagasamtaka og kynnt á heimasíðu þar sem einstaklingar gátu sent inn umsagnir. Eftir að farið hafði verið yfir allar umsagnir lagði Umhverfisstofnun fram tillögu um 75 svæði á náttúruverndaráætlun. Af þeim eru 10 á Suðvesturlandi og þrjú að einhverju leyti innan eða í tengslum við Reykjanesfólkvang. Þetta eru: Ögmundarhraun - Selatanga og Búrfell – Búrfellsgjá, sem lagt er til að verði friðlýst sem náttúruvætti, og Brennisteinsfjöll – Herdísarvík, stórt svæði austan Kleifarvatns, sem lagt er til að verði friðland.

Megináhersla í náttúruverndaráætlun 2003 er á lífríki og líffræðilegan fjölbreytileika. Á Reykjanesi eru einstök jarðfræðifyrirkæri og búast má við að í næstu náttúruverndaráætlun verði enn meiri áhersla á Reykjanes en í þeirri sem þegar er komin út.

V. Útgefið efni um Reykjanesfólkvang

V.1 Náttúra og saga

Mikið hefur verið skrifað um náttúru Reykjanes. Mikið af því er ekki ætlað almenningi heldur er um að ræða fræðilegar úttektir ekki síst með það fyrir augum að hagnýta svæðið t.d. til orkuvinnslu.

Náttúra og söguminjar mynda sterka heild á þessu svæði og mörg rit fjalla um hvort tveggja. Ekki hefur gefist tími til að safna upplýsingum nema um lítið brot af því efni sem út hefur komið en hér skal þó örlítið af því nefnt. Minnst af því er sérstaklega miðað við fólkvanginn heldur fjallar um mun stærra svæði, annað aðeins um hluta hans.

Reykjaneskagi vestan Selvogsgötu, heitir Árbók Ferðafélags Íslands árið 1984. Þar skrifar séra Gísli Brynjólfsson kaflann Byggðir Suðurnesja, Jón Jónsson, jarðfræðingur, Um heiðar og hraun, Hörður Kristinsson, grasfræðingur, Um gróður á Reykjaneskaga og Arnþór Garðarsson, dýrafræðingur, Fuglabjörg Suðurkjálkans.

Flóra og gróðurfur í Reykjanesfólkvangi er skýrsla Evu Guðnýjar Þorvaldsdóttur sem hún vann fyrir Reykjanesfólkvang og kom út 1987. Hún gerir þar úttekt á gróðurfari og útbreiðslu háplantna í fólkvanginum. (Sjá síðar.)

Náttúrufur á sunnanverðum Reykjaneskaga er skýrsla sem Náttúrufræðistofnun Íslands vann fyrir Samvinnunefnd um skipulagsmál á Suðurnesjum og kom út árið 1989. Í henni er fjallað um jarðfræði, gróður, fuglalíf og lífríki fjörunnar. Reykjanesfólkvangur er innan rannsóknasvæðisins en þó kemur fram í inngangi skýrslunnar að vegna fjárskorts hafi ekki verið farnar neinar vettvangskannanir í fólkvanginn. Eftirfarandi upplýsingar um jarðfræði svæðisins eru að mestu fengnar úr þessari skýrslu en þann hluta hennar skrifaði Haukur Jóhannesson, jarðfræðingur.

Gróður, jarðvegur og mannvistarminjar í Reykjanesfólkvangi. Ástand og tillögur til úrbóta heitir skýrsla Guðrúnar Gísladóttur sem hún vann fyrir stjórn fólkvangsins og kom út árið 1993. Þar er bent á að ástand gróðurs sé víða bágborið í Reykjanesfólkvangi og settar eru fram tillögur til úrbóta. Guðrún skráir líka og kortleggur mannvistarleifar og gerir tillögur um að gamlar byggingar verði endurreistar.

Kynnumst Suðurnesjum, fræðsluefni um náttúru og sögu, heitir bók sem Ingvi Þorsteinsson ritstýrði og kom út árið 1998. Nokkrir fræðimenn skrifuðu bókina en hún er bæði á ensku og íslensku. Þar eru stuttir kaflar um náttúru og sögu Suðurnesja og reyndar landsins alls. *Gestastofur og vefsíður*. Í Eldborg í Svartsengi er gestastofan Gjáin með alls kyns fræðandi efni. Einnig eru upplýsingastofur víðar s.s. í Grindavík og í Reykjanesbæ og þau sveitarfélög halda úti vefsíðum þar sem er að finna nokkurt efni um náttúru og sögu Reykjanes í heild sinni. *Ferlir* er hópur fólks undir forystu Ómars Smára Ármannssonar. Hópurinn hefur farið vítt og breitt um Reykjanes til að leita uppi merkilega staði. Hann hefur skráð lýsingar af ferðum sínum og það helsta sem félagarnir hafa rekist á og tekið um 5000 myndir af minjum og einstökum stöðum. Sumt af þessu hefur verið sett inn á vefsíðuna www.ferlir.is Hópurinn hefur rætt við fjölmarga á svæðinu og notið leiðsagnar þeirra og fræðslu en segist ekki vera leiðsegjandi eða leiðbeinandi um svæðið. Ljóst er að þarna er gífurlega mikið efni sem vert væri að reyna að fá að nýta til að miðla því áfram. *Suðurstrandarvegur – mat á umhverfisáhrifum*. Vegna fyrirhugaðs Suðurstrandarvegar lét Vegagerð ríkisins gera ítarlega matsáætlun um svæðið næst fyrirhuguðum vegi. Í matsskýrslunni og viðaukum hennar eru miklar upplýsingar um náttúru og sögu og er þessar upplýsingar að fá bæði í ritum og á netinu.

Mikilvægt er að safna upplýsingum um útgefið efni frá þessu svæði og leitast síðan við að safna því á einn stað sem gagnagrunn um svæðið, náttúru þess og sögu. Úr slíkum

grunni þarf síðan að móða upplýsingar sem nýtast fólkvanginum, umsjónaraðilum hans og gestum.

VI. Náttúruauðlindir

VI.1 Landið

Reykjanesfólkvangur er 300 km² að stærð. Mörk hans að austan eru sýslumörk Gullbringu- og Árnessýslu og að norðan tengist hann Bláfjallafólkvangi. Vesturmörk fólkvangsins eru vestan við Undirhlíðar og Núpshlíðarháls í sjó við Selatanga og suðurmörk fylgja strandlínu. Landið er fjöllótt, fjallshryggir liggja eftir því í NA-SV stefnu og eru í um 300-400 m hæð yfir sjó, Núpshlíðarháls, Sveifluháls, Kálfadalahlíðar og Brennisteinsfjöll, sem eru austast í fólkvanginum, en þar ná nokkur fjöll 500-600m hæð. Langahlíð er fjallshryggur norðarlega í fólkvanginum og liggur í stefnunni austur-vestur. Eina stóra stöðuvatn Reykjaneskagans er í fólkvanginum, Kleifarvatn. Það er afrennslislaust ofan jarðar en sunnan þess eru litlar tjarnir og votlendi. Landið er víðast þakið hraunum og sums staðar hafa þau runnið í sjó fram. Ströndin er ekki vogskorin en þar eru þó litlar víkur, Hælsvík og Keflavík og milli þeirra er standbergið Krýsuvíkurborg.

VI.2 Atlantshafshryggurinn á landi

Ísland er einstakt á heimsmælikvarða hvað jarðfræði snertir og óvíða á landinu eru eins fjölbreyttar eldgosamyndanir og á Reykjaneskaga sem hefur verið kallaður einn stór sýningarsalur fyrir það afl sem skapar Ísland, þ.e. eldvirknina.

Eftir endilöngu Atlantshafinu liggur hryggur við hafið kennt en nyrsti hluti hans er Reykjaneshryggur. Þarna eru mörk tveggja jarðskorpufleka, Norður-Ameríku og Evrasíu flekanna. Flekarnir fljóta á hálfbráðnum jarðmöttlinum og reka að meðaltali frá hvor öðrum um tvo sentimetra á ári. Kvika úr iðrum jarðar streymir upp á yfirborðið á milli flekanna og fyllir upp í vökina sem myndast á milli þeirra. Þessi undur gerast nær eingöngu neðansjár, engum sýnileg nema e.t.v. örfáum vísindamönnum með til þess gerðum tækjum og tólum. Á Íslandi getur hver sem er séð þessi býsn á þurru landi og einn besti staðurinn til að sjá þau og skilja er á Reykjanesi. Þar kemur Reykjaneshryggurinn á land og tengist gosbeltunum sem kljúfa Ísland á milli Reykjanes og Öxarfjarðar. Sunnan gosbelta mjakast jarðskorpufleki í suðaustur en norðan þeirra annar fleki í norðvestur. Á gosbeltunum sjálfum er land sprungið og margar og fjölbreyttar eldstöðvar.

VI.3 Sprungureinar á gosbelti

Eldvirkni er ekki jafndreifð um gosbelti heldur raðar sér á svo kallaðar sprungureinar þar sem eru gosstöðvar og opnar gjár. Oft eru sigdalir eftir endilöngum sprungureinunum og gígaraðir. Sprungureinar eru yfirleitt 25-50 km langar og 5-7 km breiðar. Fimm aðskildar sprungureinar eru á gosbeltinu á Reykjaneskaga austur að Ölfusá. Tvær þeirra fara um Reykjanesfólkvang. Háhitasvæði eru á öllum sprungureinunum og þær stjórna rennsli grunnvatns á skaganum. Þær hafa því mikið hagnýtt gildi og hafa allar verið rannsakaðar og nýttar með tilheyrandi jarðraski nema sú sem fer um Brennisteinsfjöll í Reykjanesfólkvangi og Herdísarvíkurfriðlandi. Þessi sprungurein er um 50 km löng með miðju í Brennisteinsfjöllum þar sem er háhitasvæði. Hin sprungureinin sem fer um fólkvanginn er kennd við Krýsuvík og Trölladyngju og á báðum þeim stöðum eru háhitasvæði. Þessi sprungurein er a.m.k. 60 km og nær um Heiðmörk allt norður í Mosfellssveit. Nyrst á reininni eru lághitasvæði sem sjá Reykvíkingum fyrir heitu vatni og í Heiðmörk og nágrenni er ómetanleg kaldavatnsauðlind.

Auk stóru sprungureinanna sem eru með stefnuna NA-SV eru aðrar minni með stefnuna N-S og raða sér hlið við hlið um sunnanverðan Reykjaneskagann. Tvær þeirra eru í Reykjanesfólkvangi, sunnan og austan Krýsuvíkur. Þessar reinar eru 5-10 km á lengd og munu vera framhald af þeim sprungum sem hinir frægu Suðurlandsskjálftar eiga upptök sín í. Orsakasamhengi virðist líka vera á milli N-S sprungureinanna á Reykjanesi og jarðskálfta þar. Þeir eiga upptök sín á mjóu belti sem liggur þvert á þessar stuttu sprungureinar. Þetta skjálftabelti markar skilin á milli Norður-Ameríku og Evrasíu jarðskorpuflekanna.

(Ath. mynd úr skýrslu Náttúrufræðistofnunar, bls. 14)

VI.4 Berg og hraun

Jöklar síðasta jökulskeiðs hurfu af Reykjanesi fyrir um 12 000 – 13 000 árum og er það nokkru fyrr en annars staðar á landinu. Jarðlög Reykjanesfólkvangs eru grágrýtishraun frá síðustu hlýskeiðum ísaldar, móberg og bólstraberg sem hafa myndast undir jöklum síðustu jökulskeiða og hraun runnin á nútíma, það er eftir að jökull hvarf af svæðinu.

Í Krýsuvík, og þar suður af allt til sjávar, er grágrýti sem jöklar hafa sorfið og skafið. Það er væntanlega leifar af fornum dyngjum og hefur líklega myndast á síðasta hlýskeiði sem lauk fyrir 120 þúsund árum. Geitahlíð er gömul grágrýtisdyingja og grágrýtishella er líka suður af Lönguhlíð. Sunnan, vestan og norðan Kleifarvatns er móberg og Núpslíðarháls og Sveifluháls eru móbergshryggir sem hafa hlaðist upp undir jökli. Syðst og austast í fólkvanginum er Krýsuvíkurhraun, forsögulegt sprunguhraun. Norðan þess eru nokkur hraun runnin úr Brennisteinsfjöllum eftir landnám og á 14. öld. Vestast í fólkvanginum er Ögmundarhraun frá árinu 1151. Þá opnaðist 25 km löng gossprunga og rann hraun bæði til norðurs og suðurs allt til sjávar. Norðurelfa hraunsins er Kapelluhraun sunnan Hafnarfjarðar. Ögmundarhraun rann yfir stórbýlið Krýsuvík sem stóð á sjávarbakka, allt nema kirkjuna.

VI.5 Loftslag, veður og vatn

Loftslag í Reykjanesfólkvangi er með því mildasta á landinu en vegna nálægðar hafsins eru þar sjaldan mjög heitir eða mjög kaldir dagar. Reglulegar veðurathuganir eru ekki gerðar á svæðinu og næsta veðurathugunarstöð er á Reykjanesvíti. Þar var meðalhitinn á árunum 1961-1990 4,7°C, meðalhiti heitasta mánaðar 9,9°C og þess kaldasta, janúar, 0,4°C. Oft koma kraftmiklar lægðir fyrst að landinu á Reykjanesi svo að veðraskipti geta verið snögg og sveiflur á hita, vindi og úrkomu. Sjaldan er logn á svæðinu og algengasta áttin er austanátt og þá getur orðið hvað hvassast en í austanátt koma líka helst þurrir og hlýir dagar. Norðan og norðaustanáttir eru líka algengar en þurrast er í norðaustlægum áttum en þá gjarnan kalt þótt sólin skíni. Hlý sunnanáttin er rök og henni fylgir gjarnan skýjað veður og þokusúld. Jörð í fólkvanginum verður sjaldan alhvít nema um miðjan og síðari hluta vetrar og snjóþekja varir oftast stutt.

VI.6 Gróður

Í fólkvangslandinu fann Eva G. Þorvaldsdóttir (1987) 232 tegundir villtra háplantna, 25 þeirra taldi hún algengar en 46 sjaldgæfar. Tegundafæsta svæðið er á hásléttunni austan Kleifarvatns en tegundaflestu svæðin eru Helgafell, Krýsuvík og við Djúpavatn. Auk villtra háplantna voru í fólkvanginum innfluttar trjátegundir og sáðplöntur og ef þær eru taldar með þá var heildarfjöldi háplantna 257.

Land fólkvangsins var flokkað í 13 gróðurlendi: Mosapembu 45% af flatarmáli fólkvangsins, mólendi, 14%, graslendi, 2%, kjarr, 1%, votlendi 1%, bersvæðisgróður

11,5%, sáðland, 0,5%, snjóðældagróður, jarðhitagróður, strandgróður, hraunsprungugróður, skógrækt og loks ógróið land sem er 21 % af flatarmáli fólkvangsins.

VI.7 Ástand gróðurs

Þær þrjár skýrslur sem skrifaðar hafa verið um gróður og gróðurfur í Reykjanesfólkvangi eru sammála um mjög alvarlegt ástand gróðurs þar. Þetta eru skýrslur Evu G.

Þorvaldsdóttur (1987), Guðrúnar Gísladóttur (1993) og Sigurðar Magnússonar (1998) en skýrsla hans var unnin fyrir bæjarstjórn Hafnarfjarðar.

Eva segir Reykjanesfólkvang illa leikinn af gróður- og jarðvegseyðingu sem sé mest áberandi í þurrum lyngmóum og kjarri og sýnilegt sé að friðaður gróður innan fólkvangsins hafi að geyma mun meiri uppskeru og aðra tegundasamsetningu háplantna en beittur gróður. Guðrún telur mjög lítinn hluta fólkvangsins í viðunandi ástandi hvað gróðurfur snertir en á stórum hluta hans sé ástand gróðurs og jarðvegs alvarlegt og brýnt sé að lagfæra það ástand. Sigurður segir jarðvegseyðingu mest stafa af vatnsrofi en gróðureyðing sé mest í mólendi, graslendi, kjarri og votlendi vegna beitar.

Þetta ástand gróðurs er afleiðing gífurlegrar ofnýtingar svo öldum skiptir sem því miður á sér enn stað. Vafalaust hefur svæðið verið skógi vaxið við landnám og langt fram eftir öldum nema votlendi og nýrunnin hraun. Viðartekja var stunduð á svæðinu öldum saman til fódurs og smíða og sem eldsneyti. Gamla heimildir segja frá skógum sem voru nýttir til kolagerðar og sem eldiviður. Hrísl og lyngrif á veturna lagðist ekki með öllu af fyrr en um aldamótin 1900. Jafnan var treyst á mikla vetrarþétt búfjár á svæðinu. Í harðindum jókst öll ásókn í skóginn en þá mátti hann síst við því. Fjárfjöldi á Reykjaneskaga mun hafa náð hámarki árið 1965 en hafa minnkað síðan. Lausaganga hrossa var bönnuð í Landnámi Ingólfs árið 1975 en endanlega tekið fyrir hana árið 1980. Enn er þó Reykjanesfólkvangur beittur. Hestamannafélagið Sörli í Hafnarfirði er með hesta í lokuðu hólfi sunnan Kleifarvatns, fjárgirðing Hafnfirðinga er á Krýsuvíkurheiði og fé Grindvíkinga hefur gengið laust um fólkvanginn. Á síðustu áratugum hafa mikil gróðurspjöll verið unnin með torfærutækjum, jeppum og á seinni árum vélhjólum.

VI.8 Uppgræðsla

Guðrún Gísladóttir setti í sinni úttekt fram ítarlegar tillögur til úrbóta á gróðurfari og leggur áherslu á að einungis séu notaðar íslenskar jurtir og fræ við uppgæðslu en varast verði að nota lúpínu og barrvið. Sigurður Magnússon er sammála þessu. Hann segir **markmið uppgæðslu þríþætt; að stöðva rof, að mynda sjálfbær gróðurlendi og vistkerfi og að gróður á uppgæddu landi falli vel að umhverfi sínu. Til að þessi markmið náist þurfi að endurheimta fyrri gróðurlendi og samfélög (vistheimt) með því að grundvalla uppgæðslu á innlendum tegundum.** Við vistheimt má reikna með að uppgætt land falli betur að nærliggjandi gróðurlendum og mannvistarminjum heldur en ef mynduð yrðu gróðurlendi með framandi tegundum.

Landgræðsla ríkisins hefur leitast við að loka rofabörðum og styrkja gróður með áburðardreifingu t.d. bæði á Krýsuvíkurheiði og í beitarhólfi hestamanna. Landgræðslan er nú að undirbúa að setja upp stóra fjárgirðingu í suðvesturhluta fólkvangsins fyrir fé Grindvíkinga. Samtökin Gróður fyrir fólk í landnámi Ingólfs hefur borið lífrænan áburð á land t.d. í kring um Vatnsskarð og borið á og plantað innlendum trjátegundum í nágrenni Krýsuvíkurskóla. Einstaklingar og ýmsir hópar, s.s. hestamenn og skátar sem hafa aðstöðu í fólkvanginum, hafa einnig lagt hönd á plóg við baráttuna við gróður- og jarðvegseyðingu.

Ógert er þó enn það sem úrslitum ræður í uppgæðslu lands og endurheimt landgæða, þ.e. að stöðva beit á ofnýttu landi og framfylgja lögum um utanvegaakstur.

Ekki hefur alls kostar verið farið eftir ráðleggingum sérfræðinga um uppgræðslu. Lúpínu hefur verið plantað í fólkvanginn og myndar hún t.d. mikla breiðu nálægt Krýsuvíkurskóla. Þegar svæðið verður friðað fyrir beit er mikilvægt að fylgjast vel með útbreiðslu hennar. Æskilegra er að þeim plöntum sem fyrir eru í landinu sé gefinn tími til að eflast og dreifa sér frekar en að lúpínan nái að þekja stór svæði og breyta með snöggum hætti ásýnd landsins. Erlendum trjátegundum hefur verið plantað í afmarkaða skógarreiti í norðurhluta fólkvangsins. Skógræktarfélag í Hafnarfirði, Garðabæ og Álftanesi ráðgera að skipuleggja nýtt skógræktarsvæði í Breiðdal undir Lönguhlíð. Ekki er að sjá að samráð hafi verið haft við stjórn fólkvangsins um afmörkun þessa svæðis, skipulag þess og val á plöntum. Við lagningu Suðurstrandarvegjar er gert ráð fyrir sáningu í vegakanta meðfram veginum. Mikilvægt er að þar verði vandað vel til verka svo að gróður næst veginum falli að náttúrulegu yfirbragði svæðisins.

VI.9 Dýr

Ekki er að finna mikið efni um dýralíf í Reykjanesfólkvangi og í raun nánast ekki neitt. Skýrsla Náttúrufræðistofnunar Íslands frá 1989 nær ekki til fólkvangsins ef undan er skilið að nokkuð er fjallað um Krýsuvíkurborg. Í bókinni *Kynnumst Suðurnesjum* er kafla um dýr en hann er mjög almennur og á við miklu stærra svæði en Reykjanesfólkvangur er og erfitt að staðhæfa nokkuð um dýralíf í fólkvanginum út frá honum. Þar kemur þó fram að hreindýr voru á Reykjanesi austan Kleifarvatns eftir að þau voru flutt til landsins seint á 18. öld. Stofninn var í hámarksstærð nokkru eftir miðja 19. öld en hnignaði síðan og hvarf um 1930. Gera má ráð fyrir að önnur íslensk landspendýr séu á svæðinu, þ.e. refir, minkar og mýs. Þekkt eru nokkur tófugreni á Krýsuvíkureiði og a.m.k. eitt norðan Kleifarvatns (PH). Á árunum 1996-2003 voru veiddir 373 refir í Grindavíkumdæmi skv. tölum veiðistjóra og á sama tíma voru handsamaðir 1213 minkar.

Greinar um fugla á þessu svæði fjalla fyrst og fremst um bjargfugla.

Krýsuvíkurborg er langstærsta fuglabýggð á Reykjaneskaga en þar munu verpa um 57000 pör sjófugla þar af er meira en helmingur ritur. Á svæðinu frá Krýsuvíkurborgi að Hafnarbergi telja starfsmenn Náttúrufræðistofnunar að 32 tegundir fugla séu árvissir varpfuglar og 4-6 stopulir varpfuglar í viðbót. Ekki er ólíklegt að svipaðar tölur gildi um fólkvanginn. Flestir þessara fugla eru sjófuglar eða fylgja ströndinni s.s. rita, langvía, álka, stuttnefja og fýll. Við Grindavík sjást að jafnaði um 30 tegundir fugla í árlegri jólatalningu. Þéttleiki mófugla á landi telst lítill og er með því lægsta sem þekktist á láglendi hérlendis. Þúfutittlingur er algengastur og heiðlóa og spói teljast algeng. Steindepill og snjótittlingur eru nokkuð algengir, rjúpa er strjáll varpfugl og hrossagaukar, stelkar og sendlingar teljast sjaldgæfir. Lítið sem ekkert sýnist vera af vatnafuglum á svæðinu, öndum, gæsnum og álftum en á það minnt að athugunarsvæði Náttúrufræðistofnunar var utan vatna fólkvangsins, Kleifarvatns og Djúpavatns. Ernir munu hafa orpið á sunnanverðum Reykjaneskaga fram yfir aldamótin 1900. Kunnugt er um a.m.k. þrjá arnarvarpstaði í Krýsuvíkurlandi.

Um hryggleysingja á svæðinu hafa ekki fundist heimildir. Ekki sýnist heldur vera til aðgengilegt efni um lífríki í vötnum sem á svæðinu eru bæði heit og köld. Kleifarvatn og Djúpavatn hafa örlítið verið rannsökuð og til er 50 ára gömul skýrsla Geirs Gígja og Finns Guðmundssonar um Kleifarvatn. Náttúrustofa Kópavogs er þó að rannsaka lífríki beggja þessara vatna.

VII. Menningar- og samfélagsverðmæti

Menningar- og samfélagsleg verðmæti lands eru af ýmsum toga. Hér er aðeins minnst á sum þeirra.

VII.1 Saga, minjar og þjóðtrú

Reykjanesfólkvangur er í hinu forna landnámi Ingólfs Arnarson. Talið er að Ingólfur hafi skipt landi sínu upp á milli manna, eða menn jafnvel numið land innan landnáms hans. Þá kom mest allt það land sem nú er Reykjanesfólkvangur í hlut Þóris haustmyrkurs en hann var landnámsmaður í Selvogi og Krýsuvík. Nokkru austan við land fólkvangsins tók við landnám Álfs hins egzka en líklega um Selatanga mætti landnám Þóris landnámi Molda Gnúpssonar í Grindavík. Ekki er vitað hvar Þórir bjó en sonur hans Heggur hefur líklega búið þar sem nú eru Vogsósar. (Óbyggðanefnd.)

Á landnáms- og söguöld stóð bærinn í Krýsuvík á sjávarbakka þar sem nú er Húshólmi í Ögmundarhrauni. Eftir að hraunið umkringdi bæinn árið 1151 fluttu ábúendur sig uppundir Bæjarfellið þar sem bærinn stóð um aldir og kirkjan stendur enn. Á Húshólma sjást enn bæjarrústir og rústir fjárborga í Óbrennishólma nokkru vestar í hrauninu. Krýsuvík var stórbýli og kirkjustaður og jörðinni tilheyrðu fjölmargar hjáleigur og einnig sel. Um Krýsuvík lágu alfaraleiðir á milli Suðurlands og Grindavíkur og Suðurnesja þar sem fóru um miklir vöruflutningar, skreið og landafurðir. Allt land sem nú er innan fólkvangsins var nytjað. Þar var haft á seljum, þar voru afréttarlönd, skógarhögg og hristekja og þar lágu fjölfarnar leiðir.

Við breytingar á samfélagi, atvinnuháttum og samgöngum lagðist búseta smátt og smátt af í landi fólkvangsins. Eftir standa ógrynni minja um forna atvinnuhætti og líf forfeðra og formæðra núlifandi Íslendinga. **Í þessum minjum felast ómetanlegar menningarminjar en til að þær nýtist sem slíkar þarf að finna þær og merkja þær í landinu, skrá þær á skipulegan hátt og setja fram upplýsingar um þær á aðgengilegan hátt fyrir allan almenning.**

Þar sem um aldir hefur verið svo iðandi mannlíf sem á Reykjanesi er til mikið af sögum og sögnum um fólkið sem þar lifði og bjó eða átti leið þar um. Næsta víst er að á svæðinu hafi líka orðið til, og gengið mann fram af manni, alls kyns þjóðsögur og ævintýri t.d. um vættir og verur, álagabletti og álög. **Ærið verk er að leita uppi skráðar sögur sem tengjast svæðinu og vinna úr þeim þannig að þær nýtist til fróðleiks og skemmtunar.**

VII.2 Náttúrufegurð - hughrif

Í greinargerð með frumvarpinu sem varð að náttúruverndarlögum árið 1956 töluðu höfundar um náttúrufegurð og náttúrunautn sem ástæður náttúruverndar og að hlutverk fólkvanga skyldi vera að veita almenningi aðgang að náttúrunni til náttúrunautnar. Fegurð er afstæð. Náttúran er hrifandi á margan hátt, vekur gleði, hrifningu, lotningu, hugarró en líka reiði eða ótta. Fólk sækir í slík hughrif t.d. í gegnum listaverk, s.s. bókmenntir og tónlist, en einnig með því að fara um hrifandi náttúru og umhverfi. Færð hafa verið rök að því að hæfileikinn til að hrífast af náttúrunni sé sammannlegur og svo rótgróinn í eðli manns og menningu að menn hafi í raun þörf fyrir samneyti við náttúruna. Lengi vel fékk fólk fullnægt þessari þörf í daglegum störfum sínum og hún varð ekki sýnileg fyrr en menn fóru að búa í stórum iðnaðarborgum. Þá varð að taka tillit til þessarar þarfar mannsins í skipulagi m.a. með því að friðlýsa svæði til útivistar og náttúruverndar.

Þótt menn geti deilt um hvort land Reykjanesfólkvangs sé fallett eður ei þá er það óumdeilt að landið býr yfir miklum krafti til að skapa hughrif af ýmsum toga. Íslendingum

finnst landið kannski venjulegt en fólk alið upp í öðrum löndum sér þarna ákaflega óvenjulegt umhverfi sem veldur því undrun og aðdáun. Allir sjá þó geysilega fjölbreytni í jarðmyndunum, landslagi og litum, óvenjuleg vötn, fjölbreytt hraun, grösuga bala og velli, jarðhita með tilheyrandi litskrúði og furðulegheitum og þannig mætti lengi telja. Þekking á jarðfræði svæðisins, sem er merkileg á heimsmaelikvarða, hlýtur að vekja með fólki virðingu fyrir svæðinu, jafnvel lotningu.

Söguminjar búa yfir dulúð og vekja með fólki hrifningu, forvitni og tilfinningu tengsla við landið og sögu þjóðarinnar.

Í ysi og þysi nútímans þar sem flestir búa í þrælskipulögðu umhverfi með stífa dagskipun alla daga verður fólki stöðugt dýrmætara að komast á náttúruleg svæði þar sem óútreiknanleg náttúran ræður ríkjum. Allt sem minnir á skipulag hins daglega lífs truflar þau hughrif sem fólk sækist eftir. Víðerni Reykjanesfólkvangs bjóða sannarlega upp á að fólk geti sótt þangað þá náttúrunautn sem fæst við samneyti við ósnortin víðerni. Hughrif sem margir sækja, langt yfir skammt, inn á miðhálandi landsins.

VII.3 Útivist og ferðamennska

Höfuðborgarsvæðið er ákaflega merkilega í sveit sett í samanburði við önnur þéttbýli Evrópu og þó víðar væri leitað. Víðast er mikil byggð allt í kring um borgir og stóra bæi sem tengist þrælskipulögðu landbúnaðarlandi svo langt sem augað eygir. Til að komast í opið land verða borgarbúar oftast að láta sér lynda löng ferðalög eða láta sér nægja ræktaða garða. Segja má að þéttbýli höfuðborgarsvæðisins og Reykjaneskagans sitji í útjaðri óbyggðra heiðalanda. Um leið og borgar og bæjarmörkum sleppir er fólk komið á opið land, oft fjölbreytt og með náttúrulegu yfirbragði. Slíkt land veitir ákveðna frelsistilfinningu, fólk getur farið um án þess að klofa yfir girðingar og skurði eða ganga um ræktað eignarland.

Reykjanesfólkvangur var í upphafi stofnaður til að þar gæti orðið útivistarsvæði íbúa höfuðborgarsvæðisins og þéttbýlisstaða Suðurnesja. Með friðun svæðisins átti að opna leiðir úr þéttbýlinu um útivistarsvæði borgar og bæja, með vötnum og um skóglendi til óbyggða og víðerna í fjöllum og alla leið til hafs við Krýsuvíkurborg. Hafi svæðið verið mikilvægt sem slíkt fyrir 30 árum er mikilvægi þess enn meira nú. Á þessum árum hefur fólksfjöldi á svæðinu aukist verulega svo og áhugi á útivist, ekki síst gönguferðum og náttúruskoðun. Mikilvægi Reykjanesfólkvangs sem útivistarsvæðis er margþætt.

- Svæðið er í mikilli nálægð við mesta þéttbýli landsins og hægt að komast þangað á örskotsstund.
- Land er snjólétt og hægt að njóta þess allt árið um kring.
- Vegir veita aðgengi að merkilegum og sérstökum svæðum.
- Möguleikar eru á mjög fjölbreyttum gönguleiðum hvort heldur sem fólk er að leita eftir fjölbreytni í landslagi, jarðmyndunum, söguminjum eða gróðurfari til afþreyingar, upplifunar, fróðleiks eða fræðistarfa eða sækist eftir einveru.
- Um margar leiðir er að velja stuttar og langar, auðveldar eða erfiðar.
- Innan fólkvangsins og í nágrenni hans má enn finna svæði sem geta fallið undir skilgreiningu víðernis (sjá í viðauka). Að slík svæði finnist svo nærri miklu þéttbýli með allri þjónustu er mjög sérstakt og verðmætt.

Langt er frá að möguleikar svæðisins til útivistar hafi verið nýttir sem skyldi. Vegna skorts á kynningu á landinu og aðstöðu fyrir ferðamenn við hæfi þá er Reykjanesið enn tiltölulega lítið notað til almennrar útivistar en fyrst og fremst nýtt af sérstökum hagsmunahópum. Verið er að undirbúa lagningu Suðurstrandarveggar. Eftir að hann kemst í gagnið má búast við að þarna geti orðið breyting á og mun meiri umferð fari um fólkvanginn en nú. Mikilvægt er að búa landið undir þann aukna gestafjölda.

Margir njóta þess að ganga eftir kortum um land þar sem hvergi sést stígur eða stíka. Miklu fleiri eru þó þeir sem leggja ekki í slíkar gönguferðir og allra síst ef þeir eru með börn. **Til að Reykjanesfólkvangur nýtist fólki til útivistar, og þá ekki síst fjölskyldufólki, verður að stórauka alla kynningu á svæðinu, fræðslu og upplýsingagjöf og aðstoða fólk til að komast frá vegi. Merkja þarf og stíka net gönguleiða** þar sem fólk getur gengið að ákveðnum stöðum eða um eitthvert svæði og síðan aftur að sama stað við veginn helst þó ekki eftir sömu leið. Þó svo nokkrar lykilleiðir verði stíkaðar er nóg land eftir fyrir þá sem vilja spreyta sig á að rata án slíkra hjálparstíka.

Ef vel er á haldið gæti Reykjanesfólkvangur orðið geysilega mikilvægt svæði til að styðja og efla ferðamennsku á höfuðborgarsvæðinu og Suðurnesjum. Áherslur ferðamanna breytast stöðugt. Sólskin og hiti eru ekki lengur svo eftirsóknarverð sem var. Margir kjósa nú gönguferðir og alls kyns ævintýraferðir fram yfir sólarlandaferðir. Langar göngur, heilu og hálfu dagana með staðkunnugum leiðsögumönnum um merkileg og falleg landsvæði, eru vinsælar. Fólk vill þó gjarnan njóta góðs aðbúnaðar í húsnæði, mat og drykk. Víða, t.d. á fjallasvæðum Evrópu, er nú verið að skilgreina og auglýsa upp göngusvæði sem þessi og njóta þau sífellt meiri vinsælda. Með samstilltu átaki og góðu skipulagi mætti skapa sambærilegar aðstæður á Reykjanesi og eru á þessum erlendu göngusvæðum og reyndar þróa svæði sem væri á margan hátt athyglisverðara en flest önnur. Ekkert svæði í Evrópu, og þó víðar væri leitað, hefur sambærileg jarðfræðifyrirkæmi í mjög óvenjulegri og magnþrunginni náttúru, þar sem má upplifa öræfakýrrð og óröskuð víðerni en jafnframt njóta á sama tíma allrar þjónustu, góðra hótela, veitingastaða og menningarviðburða þéttbýlisins. Notkun Reykjavegarins átti e.t.v. eða vera með svipuðum hætti. Því verkefni virðist þó aldrei alveg hafa verið lokið og leiðin ekki fengið kynningu við hæfi og eftirfylgni. Margir vilja heldur ekki gista við þær frumstæðu aðstæður sem þar er boðið upp á svo nærri þéttbýlinu. Eðlilegra er að miða við að fólk sé flutt að og frá gönguleiðum sínum kvölds og morgna. Möguleikar Reykjanessins til að byggja upp aðstæður til þessarar ferðatilhögunar liggja í því m.a. að flestir ferðamenn sem til landsins koma fara um svæðið a.m.k. á leið sinni um flugvöllinn. Sumir, t.d. ráðstefnugestir og makar þeirra, eru jafnvel bundnir SV-horni landsins. Íslendingar auglýsa land sitt sem náttúruparadís en ímynd flestra er að til að upplifa öræfin í öllum sínum mætti þurfi að fara langt til fjalla og helst inn á miðhálandið. Svo er ekki. Á Reykjanesinu eru svæði sem jafnast fullkomlega á við ýmis þau svæði miðhálandisins sem fólk keppist við að upplifa.

Mikilvægt er skapa þá aðstöðu með skipulagi og kynningu að þetta landsvæði nýtist bæði íbúum þéttbýlisins og gestum þess.

VII.4 Listir

Eitt af mikilvægum hlutverkum náttúrulegra svæða er að veita fólki innblástur, upplifun eða kraft sem nýtist því til að fást við ýmis verk í hinu daglega lífi.

Innblástur er ekki síst mikilvægur fyrir þá sem stunda listsköpun. Stundum sjást beinlínis tengsl á milli ákveðinna svæða og listaverka en oftast er innblásturinn dulið afl sem knýr listamanninn áfram í verkum sínum án þess að tengslin við það sem innblásturinn veitti séu sýnileg. Sjaldnast er því vitað hvert listamaður sækir innblástur sinn og sjálfsagt veit hann það oft varla sjálfur. Þegar listir og listamenn eru nefndir í tengslum við

Reykjanesfólkvang kemur strax upp í hugann nafn Sveins Björnssonar sem dvaldi löngum í Krýsuvík og málaði fjölda mynda af svæðinu. Á svipaðar slóðir leitaði líka skáldjöfurinn Einar Benediktsson á sínu ævikvöldi. Án efa hafa miklu fleiri listamenn sótt innblástur í umhverfi Reykjaness og landið verið umgjörð listaverka, málverka, kvikmynda, bókmenntaverka. Það er þó ókannað rannsóknarefni.

VII.5 Náttúruvísindastörf

Reykjanes er gífurlega mikilvægt til vísindastarfa, rannsókna, miðlunar og fræðslu. Eins og fram kemur í orðum Sigurðar Þórarinssonar, sem vitnað er í fremst í þessari skýrslu, þá hefur land fólkvangsins verið sýnt jarðfræðingum um áratugi. Í skýrslu Náttúrufræðistofnunar frá 1989 segir annar jarðfræðingur; Haukur Jóhannesson, að fá svæði á Íslandi hafi verið könnuð eins rækilega og Reykjanesskaginn. Síðan segir hann:

Á fáum svæðum á landinu eru eins fjölbreyttar eldgosmyndanir og hefir þeim ekki verið veitt athygli sem skyldi af sveitarstjórnnum og skipulagsyfirvöldum. Nú á tímum vaxandi þéttbýlis, einkum hér á suðvesturhorni landsins, er áhugi fólks fyrir útiveru og náttúruskoðun mikill.

Reykjanesskaginn er einn stór sýningarsalur fyrir það afl sem skapar Ísland, þ.e. eldvirkni. (Bl. 13.)³

Það er ómetanlegt að hafa slíkan jarðvísindasýningarsal í svo mikilli nálægð við mesta þéttbýli landsins, menntastofnanir þess, háskóla og rannsóknastofnanir. Um allan heim líta jarðvísindamenn til Íslands og prófessorar í þeim fræðum hafa sóst eftir að koma hingað með nemendur sína. Á fáum stöðum væri auðveldara að taka á móti stórum hópum verðandi vísindamanna en einmitt á Reykjanesskaga þar sem svo margt er að sjá í nágrenni við alþjóðaflugvöll og alla nauðsynlega þjónustu.

Gildi Reykjanesskagans til að stunda vísindarannsóknir og auka þekkingu og skilning á jarðfræði er mikið og einstakt. Aðrar vísindarannsóknir hafa þó líka gildi, s.s. jarðhitarannsóknir og alls kyns vistfræðirannsóknir s.s. á gróðurfari, fuglabjörgum og lífi í heitu vatni.

VII.6 Fræðsla og umhverfismennt

Í landi fólkvangsins, og reyndar stórum hluta Reykjaness, býr ómæld auðlind sem enn er óvirkjuð. Vegna þess hve margt er merkilegt að sjá hvað varðar náttúru og mannlíf í fólkvanginum og það er um leið aðgengilegt þá hefur hann mikið gildi til fræðslu og umhverfismenntar. Þar má ekki aðeins öðlast skilning á jarðsögu Íslands og Jarðar heldur má einnig sjá sögu þjóðarinnar í hnotskurn. Þarna eru óteljandi minjar um hús og aðrar byggingar, svo sem sel og verbúðir sem tengjast störfum og lífi fólks til sjávar og sveita, og þarna eru fornar leiðir á milli staða og jafnvel á milli landshluta. Gildi svæðisins til fræðslu, skilnings og menntunar er ekki aðeins mikilvægt skólafólki heldur ekki síður öllum almenningi og ferðamönnum.

Það er eins með þetta gildi fólkvangsins sem mörg önnur, það hefur ekki nýst vegna þess að ekki hefur verið að því hlúð. **Nauðsynlegt er að byggja upp í fólkvanginum gestastofu þar sem starfar sérhæft starfsfólk, í náttúrufræði, sögu, kennslu, túlkun og leiðsögn. Þangað yrði safnað öllum upplýsingum sem völ væri á um svæðið og þeim miðlað og einnig tekið á móti skólahópum og ferðamönnum.**

VIII. Hagnýting og hagsmunahópar

VIII.1 Aðilar að máli, ríki og sveitarfélög

Óbyggðanefnd kannar og sker úr um hvaða land telst til þjóðlendna og hver séu mörk þeirra og eignarlanda. Í byrjun mars kynnti hún kröfur fjármálaráðherra á Suðvesturlandi m.a. til lands ofan Helgafells og Húsfells og hraun upp af Straumsvík. Hluti þessa svæðis

³ Haukur heldur reynar áfram: „Því er ekki vonum seinna að huga að framtíðarskipulagi varðandi landnotkun á skaganum til útivistar, náttúruskoðunar, byggðar, efnisnáms o.fl. Auk þess er vert að taka tillit til þeirra möguleika sem skaginn hefir upp á að bjóða fyrir erlenda og innlenda ferðamenn en sveitarfélögin sunnan Reykjavíkur hafa verið heldur afskipt þar um.” (Bl.13.)

er sagður vera Almenningssskógar Álftaneshrepps hins forna og hluti Suðurnesja-almenninga. Þetta svæði tekur yfir norðausturhluta Reykjanesfólkvangs, alls svæðisins norðaustan Vatnsskarðs. Með auglýsingu skorar óbyggðanefnd á þá sem telja sig eignaraðila á svæðinu að lýsa kröfum sínum skriflega innan þriggja mánaða. Síðan fer fram opinber kynning á heildarkröfum, svæðinu skipt í mál og mál tekin fyrir eins og þörf er á. Eftir frekari gagnaöflun, vettvangsferðir og málarekstur kveður óbyggðanefnd upp úrskurð sinn.

Þegar verið var að vinna að stofnun Reykjanesfólkvangs veltu Páll Líndal og Steingrímur Gautur Kristjánsson því fyrir sér hverjir væru aðilar að málinu. Fólkvangurinn er í lögsagnarumdæmum Grindavíkur, Hafnarfjarðar, Garðabæjar og Álftaness (skv. kortum) en fyrrnefndir lögspekingar nefndu miklu fleiri sveitarfélög sem hlut ættu að máli. Ýmsar ástæður sýnast fyrir því. Þetta höfðu verið afréttarlönd sveitarfélaganna, skil svæðanna eru óljós og umdeild en meginástæðan virðist þó hafa verið sú að það væru mikilvægir hagsmunir allra íbúa sveitarfélaganna að svæðið yrði skilgreint sem útivistarsvæði og því eðlilegt að þau öll tækju þátt í að stofna og reka slíkt svæði í þágu íbúa sinna. Einnig ber að hafa það í huga að í upphafi var talað um eitt verndarsvæði frá Elliðavatni suður til Krýsuvíkurbergs í beinum tengslum við Heiðmörk og Elliðaárdal og einnig var gert ráð fyrir því að Bláfjallasvæðið yrði hluti af þessari heild.

Það er ljóst að eigendur landsins og lögsagnaraðilar eru margir en þó eru hagsmunaaðilar enn fleiri og með margvíslega og ólíka hagsmuni.

VIII.2 Undanþágur í auglýsingu

Í auglýsingunni um fólkvanginn frá 1975 er sérstaklega tekið fram að þrátt fyrir friðunina verði þar ekki haggð nýtingu til búrekstrar og réttur til beitar ekki skertur. Hagnýting jarðhita var einnig undanskilin svo og réttur til starfsemi í almannaðágu í Krýsuvík og skipulegur námurekstur sem var þá þegar til staðar á svæðinu. Hafnarfjörður keypti hluta Krýsuvíkur árið 1941 og margir hafnfirskir hagsmunahópar hafa komið sér upp aðstöðu í fólkvanginum.

VIII.3 Búrekstur og beit og meðfylgjandi ummerki

Bygging fjóss og súrheysturna á bökkum Grænavatns átti sinn þátt í því á sínum tíma að hreyfa svo við mönnum að hafist var handa við að setja náttúruverndarlög eins og fram kemur í upphafi þessarar skýrslu. Enn standa þessar byggingar á sínum stað, orðnar meira en hálfra aldar gamlar, munu aldrei hafa verið notaðar á þann hátt sem til var ætlast og eru til mikilla lýta á fögurum stað, nú sem fyrr.

Líklega má segja að það hafi meira félagslegt gildi en hagrænt fyrir frístundabændur að fá að hafa fé á svæðinu og varla er það þjóðhagslega hagkvæmt. Þarna er um að ræða hefðbundna nýtingu og ævafora en sú spurning vaknar hve langt á að ganga í að leyfa beit á svæði sem er ofbeitt og í skelfilegu ástandi gróðurfarslega séð. Ekki er vafi á að ef svæðið yrði friðað fyrir beit breyttist það mjög, t.d. yrði blómgróður meira áberandi, sem yki enn mikilvægi þess til útivistar. Til að hægt sé að beita land fólkvangsins er borinn á það tilbúinn áburður svo að þarna er sannarlega ekki um sjálfbæra nýtingu að ræða. Beit fylgja girðingar sem eru mjög til boga á náttúrulegum útivistarsvæðum. Þær eru til lýta og trufla hughrif þar sem þær mynda beinar, manngerðar línur í náttúrunni. Þær geta komið í veg fyrir að fólk komist út frá vegi og þær trufla gönguleiðir. Nú þegar eru tvö girt beitarhólf í fólkvanginum, hólf hestamannafélagsins Sörla úr Hafnarfirði sunnan Kleifarvatns og fjárgirðing Hafnfirðinga á Krýsuvíkurheiði en þar er fé úr Hafnarfirði, Garðabæ og af Álftanesi. Meðfram veginum, sunnan Vatnsskarðs, er girðing sem þjónar engum tilgangi, sauðfé gengur laust báðum megin við hana. Í mati á umhverfisáhrifum um

Suðurstrandarveg er þess getið að þar sem vegurinn fari í gegnum beitarhólf á Krýsuvíkurheiði verði vegurinn girtur af (bls. 45). Landgræðslan er líka þessar vikurnar, sumarið 2004, að undirbúa uppsetningu á stóru girðingarhólfi til að geyma fé Grindvíkinga. Er ekki þarna með ærnum kostnaði og fyrirhöfn verið að halda í atvinnuhætti sem eru löngu úreltir á þessu landsvæði? Væri fjármunum ætluðum til girðingaframkvæmda ekki betur varið til að kaupa fjáreigendur til að hætta að vera með fé?

Hestamenn í Hafnarfirði munu hafa fengið leyfi til að byggja skýli fyrir reiðtygi í hestagirðingunni sinni en nú standa þar hús ætluð sem dvalarstaðir fólks en ekki hnakka.

VIII.4 Orkuvinnsla

Lengi hefur staðið til að virkja orkuna í Krýsuvík, t.d. við Seltún, þar sem lengi blés mikil borhola þar til hún fyrir nokkrum árum braut af sér öll höft og spýtti frá sér mikilli aurkeilu. Þetta er einhver fjölfarnasti ferðamannastaður á landinu og hlýtur að vakna sú spurning hvort staðurinn sé ekki meira virði til ferðamennsku og fræðslu en orkuöflunar.

Eins og fram kemur í kaflanum um náttúruauðlindir er aðeins ein sprungurein enn ósnortin á Reykjanesi, þ.e. sú sem fer um Brennisteinsfjöll austast í fólkvanginum og í landi friðlandsins í Herdísarvík. Orkuyfirvöld hafa nú þegar óskað eftir því að hefja þar rannsóknir með orkunýtingu í huga. Umhverfissráðuneytið leitaði álits Náttúrufræðistofnunar á því að breyta friðlýsingu Herdísarvíkur m.t.t. þessa. Náttúrufræðistofnun leggst alfarið gegn slíkum rannsóknum. Í bréfi stofnunarinnar frá 9. feb. 2004 segir m.a.

Í Brennisteinsfjöllum og nærliggjandi svæði eru einstakar gos- og jarðminjar, ... eru síðasta ósnortna víðernið á Reykjanesi þangað sem þéttbýlisbúar á SV-horninu o.fl. geta sótt afdrep, innblástur og menntun; verðmæti ósnortinna útivistarsvæða sem þessa munu vafalítið aukast á næstu árum og áratugum.

...

Náttúrufræðistofnun Íslands gerir ekki lítið úr gildi rannsókna en bendir á að fyrirhugaðar jarðhitarannsóknir í Brennisteinsfjöllum, eins og þeim er lýst í greinargerð, munu skaða náttúruminjar og ímynd hins ósnortna svæðis verulega. Við fyrirhugaðar rannsóknir, sem byggja á borunum, þarf að leggja vegi og slóða um úfin nútímahraun inn á svæðið, byggja 3 borplön (hvert um sig u.þ.b. 1 ha), bora eftir grunnvatni til skólunar því ekkert yfirborðsvatn er á svæðinu, farga skolvatni, flytja inn eða taka efni úr gígum og hraunum á svæðinu til ofaníbúðar og byggingar borpalla. Ef virkjanlegur jarðhiti finnst er stefnt að því að fjölnýta svæðið svipað og gert er í Svartsengi og á Nesjavöllum til framleiðslu á rafmagni, hitaveituvatni, grunnvatni, iðnaðargufu og til útivistar. Slík fjölnýting kallar á enn meiri mannvirki svo sem varanlega vegi og byggingar, hitaveituleiðslur og raflínur.

Að mati Náttúrufræðistofnunar Íslands hafa Brennisteinsfjöll og nærliggjandi svæði mikið verndargildi og eru til langs tíma mun verðmætari þjóðinni og þéttbýlinu á SV-landi ósnortin en sem fjölnýtt orkuvinnslusvæði. Í því sambandi má benda á að innan seilingar verða a.m.k. þrjú fjölnýtt orkuvinnslusvæði, þ.e. Svartsengi, Nesjavellir og Hengillssvæðið.

Eftir jarðhitarannsóknir, eins og fyrirhugaðar eru í Brennisteinsfjöllum, verður svæðið ekki lengur ósnortið og forsendur fyrir frekari vernd þess breyttar að sama skapi. Rannsóknaleyfi jafngildir því stefnumörkun um framtíðarnýtingu. Þessvegna er brýnt, áður en farið er í að breyta friðlýsingu Herdísarvíkurfriðlands, að umhverfisyfirvöld marki stefnu um framtíð svæðisins m.a. hvort ástæða sé til að taka frá og friða a.m.k. eina sprungurein og háhitasvæði í vestra gosbeltinu.

VIII.5 Starfsemi í almannapágu í Krýsuvík

Skólinn í Krýsuvík er mikil bygging en lengi vel nýttist hann ekki sem skyldi. Nú hafa Krýsuvíkursamtökin þar aðstöðu og reka þar meðferðarheimili fyrir fólk sem er illa á vegi statt vegna eiturlyfjanotkunar.

Á heimilinu eru gjarnan um 20 skjólstaðingar í einu og þeir eru þar frá sex mánuðum upp í tvö og hálf ár. Þorgeir Ólason, forstöðumaður heimilisins, var spurður hve

mikils virði væri fyrir starfseminna að vera á þessum stað, nýta heimilismenn t.d. svæðið til gönguferða? Þorgeir segir að svo geri þeir ekki, mjög erfitt sé að koma þeim í slíkt, þeir hafi ekki náð því stigi að eiga sér afþreyingu. Hins vegar er mikilvægt að vera á þessum stað. Þar er ekki farsímasamband og þriggja klukkutíma gönguferð í bæinn. Þarna eru því ekki teknar neinar skyndiákvæðanir. Hlutirnir gerast hægt og það er mottó starfseminnar að vinna hægt en örugglega og ná árangri. Það er sálarlega líka gott að vera á þessum stað. Farið er eftir 12 spora kerfi og liður í því er að viðurkenna e.k. æðri máttarvöld, hver sem þau eru. Máttur náttúrunnar er augljós í Krýsuvík, fjölbreytt, hrjúf, ögrandi og óviðráðanleg og þar eru tíðir jarðskjálftar sem enginn fær ráðið við. Þetta umhverfi styður því þá hugmyndafræði sem notuð er við meðferðina. Skjólstæðingar samtakanna eru bæði Íslendingar og Svíar. Heimilið nýtir nærumhverfi sitt á þann hátt að þar eru settar niður kartöflur, búið er með hænsni og endur og áhugi er á að setja upp gróðurhús. Hætt er við að með Suðurstrandarvegi breytist þessar kjöraðstæður a.m.k. minnkar þá að mun einangrun staðarins.

VIII.6 Námugróftur

Efnistaka hefur lengi verið mikil á Reykjanesi og landið er víða illa útlítandi meðfram vegum vegna hennar í fólkvanginum sem annars staðar. Mikið af þessu jarðraski er frá þeim tíma að lög um efnistöku voru veik en þessi sár gróa seint og eru enn áberandi. Mikilvægt er að kanna og skrá þessa staði innan fólkvangsins og meta hvort hægt er að móta landið og laga þannig að þessi spjöll séu ekki eins áberandi og nú er.

Nú tíðkast að opna fáar námur en hafa þær stórar frekar en að kroppa eftir efni á mörgum stöðum. Geysilega stór náma er í Undirhlíðum við fólkvangsmörkin þar sem ekið er inn í hann úr Hafnarfirði. Þar virðist þó vel að verki staðið og snyrtilega gengið um. Við lagningu Suðurstrandarvegur verða opnaðar fjórar nýjar námur í fólkvanginum. Þær eru nr. 5 á milli Latshóla og Latsfjalls þar sem vegurinn er núna og nr. 6 eða 7 í Trygghólum á Krýsuvíkurheiði og verður önnur hvor þeirra opnuð. Náma nr. 8 er líka á Krýsuvíkurheiði sunnan núverandi vegar SV Stóru Eldborgar og náma nr. 9 er í Geitahlíð. Samkvæmt matskýrslunni á að leitast við að þessar efnisnámur hafi sem minnst umhverfisáhrif.

VIII.7 Veidar og eggjataka

Stangveiðifélag Hafnarfjarðar hefur umráð yfir veiði í Kleifarvatni og Djúpavatni og hefur reist skála við Djúpavatn. Því miður virðist akstur bíla niður að og eftir vatnsbökkum of oft fylgja veiðum.

Greinilegt er á skiltum fólkvangsins að þar ganga menn um með byssur en óljóst er hvað þeir skjóta annað en skiltin.

Krýsuvíkurberg hefur verið nytjað um aldir. Í skýrslu Náttúrufræðistofnunar (1989) segir að frá árinu 1979 hafi björgunarsveitin Fiskaklettur nytjað bjargið í fjáröflunarskyni. Í fyrstu hafi verið tekin um 3000-4000 svartfuglsegg á ári úr bjarginu en síðan hafi eggjatakan aukist eftir að björgunarsveitarmenn fóru að sitja einir að nytjunum en öðrum bægt í burtu. Vorið 1987 munu hafa verið tekin 10-12 þúsund egg sem var meiri eggjataka en nokkru sinni á þessari öld. Miðað við fjölda svartfugla í bjarginu, um 21000 pör, þá samsvarar þessi eggjataka því að steipt hafi verið undan helmingi svartfuglapara í bjarginu (bls.51). Þegar sú sem þessa skýrslu skrifar fór um Krýsuvíkurberg 4. júní 2004 mætti hún hópi manna sem var að fara í eggjatöku í bjargið. Þeir sögðust gera það á eigin vegum og hefðu gert það árum saman.

VIII.8 Skátar og ræktunarfólk

Hafnfirskir skátar hafa í áratugi haft aðstöðu í Krýsuvík og t.d. haldið þar skátamót. Þeir hafa einnig unnið að gróðursetningu þar.

Skógræktarfélag Hafnarfjarðar, Garðabæjar og Álftaness hafa haft aðstöðu til skógræktar í norðurhluta fólkvangsins. Félögin hyggjast halda því starfi áfram og auka það og hafa fengið samþykki landbúnaðarráðuneytisins fyrir landi til skógræktar í Breiðdal og Fagradal í landi Krýsuvíkur vestan Lönguhlíðar.

Samtökin Gróður fyrir fólk í landnámi Ingólfs hefur einnig stundað ræktunarstörf í fólkvanginum. Borinn hefur verið á lífrænn áburður á nágrenni Vatnsskarðs og plantað birki og fleiri íslenskum tegundum í nágrenni Krýsuvíkurskóla.

Mikilvægt er að samráð sé haft við fólkvangsstjórn um skipulag allrar ræktunar og val á plöntum. Þar þarf að hafa að leiðarljósi ráðleggingar plöntuvistfræðinga sem hafa gert úttektir á gróðurfari og komið með rökstuddar tillögur um tilhögun uppgræðslu.

VIII.9 Torfæruakstur

Trúlega eru fá svæði á landinu eins illa komin vegna utanvegaaksturs og Reykjanesið og er fólkvangurinn engin undantekning. Slóðir frá vegum eru óteljandi og hjólför áberandi bæði í grónu og ógrónu landi. Hópar torfæruakstursfólks virðast sækja inn á svæðið og leggja undir sig hluta þess eins og í Lambhaga við norðurenda Kleifarvatns. Slóðir eru víða áberandi í mosa og öðrum gróðri í dölum og upp fjallshlíðar og brekkur. Bæði er um að ræða för eftir jeppa en enn víðar má sjá för eftir vélhjól og þeim virðist enginn staður heilagur. **Á einhvern hátt verður að koma í veg fyrir utanvegaakstur. Hann er skemmandi fyrir ásýnd landsins og þau hughrif sem fólk sækir þangað. Breyttu hugarfari og hegðun verður að reyna að ná með kynningu en einnig að reyna að leita eftir samkomulagi við samtök torfæruakstursfólks.** Á meðan leyft er að flytja þessi tæki til landsins verður líka að gera ráð fyrir þeim í skipulagi. Sveitarfélög á höfuðborgarsvæðinu og á Suðurnesjum þurfa að skipuleggja og skilgreina svæði og leiðir þar sem fólk má nota þessi tæki með þeim skilyrðum að önnur svæði verði látin í friði.

Lengi hefur tíðkast að leyfa rall og torfærukeppnir á vegum fólkvangsins. Þær keppnir eru að því leyti öðru vísi en hinn óhefti akstur um allt að bílarnir takmarka sig við vegi og eru þar aðeins á ákveðnum tíma. Fólk sem sækir í fólkvanginn til annars konar upplifunar en að hlusta á vélargný með tilheyrandi mengun hefur tækifæri til að forðast þá staði og tíma. Hinn óhefti akstur torfærutækja eyðileggur hins vegar náttúru mjög víða um fólkvanginn og oft á mjög áberandi stöðum og fólk getur átt á hættu að fá slík tæki upp að hlið sér nánast hvenær og hvar sem er.

VIII.10 Ferðafélög, ferðaskrifstofur, ferðamenn

Fjölmörg ferðafélög, s.s. Ferðafélag Íslands og Útivist, eru með skipulagðar ferðir um Reykjanes og þá Reykjanesfólkvang. Einnig er svæðið vinsælt hjá ýmsum ferðahópum s.s. hópnum Ferlir sem í upphafi var hópur lögreglumanna. Hópurinn fer um og leitar að áhugaverðum stöðum og minjum og skráir þær.

Ferðaskrifstofur fara líka um svæðið með erlenda ferðamenn og stoppa þá gjarnan í Seltúni. Mikill fjöldi ferðamanna á eigin vegum fer einnig um svæðið bæði erlendir og innlendir. Án efa myndu allir þessir ferðamenn stoppa víðar en þeir gera nú, og dvelja lengur, ef aðstæður yrðu lagaðar á fleiri stöðum, staðir merktir, leiðir stikaðar, stígar lagðir og upplýsingar veittar.

Með tilkomu Suðurstrandarvegur er ekki vafi á að ferðamönnum mun mjög fjölga á svæðinu.

VIII.11 Félagslegt og hagrænt gildi - hagsmunaárekstrar

Ljóst er að félagsleg og hagræn gildi svæðisins eru nú þegar veruleg en þau mætti auka mikið og á ýmsa vegu. Ekki síst gæti viðeigandi þjónusta við ferðamenn og upplýsingagjöf um sérstöðu svæðisins orðið til þess að auka og lengja dvöl ferðamanna á SV-landi ekki síst þá hópa ferðamanna sem þykja hvað eftirsóknarverðastir, vel menntað fólk sem leitar eftir fróðlegri og menntandi afþreyingu í leyfum. Til að svo megi verða þarf hins vegar að fara í skipulags- og samningavinnu um fólkvanginn. Stór þáttur í þeirri vinnu er að skrá og skilgreina nánar en hér hefur verið gert alla hagsmunahópa svæðisins, meta hagsmuni þeirra og hugsanlega árekstra þeirra á milli og leitast við að gera upp á milli hagsmuna um leið og stefnan er mörkuð til að draga úr árekstrum.

IX. Mannvirki

IX.1 Vegir

Vegur nr. 42, Krýsuvíkurvegur, liggur frá Hafnarfirði inn í fólkvanginn norðan Kleifarvatns, meðfram vatninu að vestan og suður fyrir það og síðan út úr fólkvanginum að austan. Frá Krýsuvíkurvegi í vestur liggur hins vegar núverandi Suðurstrandarvegur nr. 427. Vegur nr. 428, Vigdísarvallavegur, tengist Krýsuvíkurvegi í Vatnsskarði og liggur á milli Sveifluháls og Núpshlíðarháls (vegur á milli hálsa) og tengist Suðurstrandarvegi við Ögmundarhraun. Loks fer vegur 417, Bláfjallavegur, þvert yfir norðurhluta fólkvangsins. Langstærsti hluti veganna eru malarvegir og í sæmilegu ástandi sem slíkir en vegurinn á milli hálsanna er lang lélegastur þeirra og er lokaður um einhvern tíma á hverju ári vegna snjóá og aurbleytu. Auk þessara vega eru vegir eða slóðar að einstökum stöðum s.s. niður að Krýsuvíkurbergi og Selatöngum.

Nú er langt komið að undirbúa lagningu nýs Suðurstrandarvegur sem mun liggja þvert í gegnum suðurhluta fólkvangsins. Skipulagsstofnun hefur þegar fallist á lagningu hans með sérstökum skilyrðum. Þetta verður uppbyggður, malbikaður vegur og ljóst að hann mun hafa veruleg áhrif í fólkvanginum og auka mjög umferð þar. Gegnumakstur þeirra sem ferðast á milli Suðurlands og Suðurnesja án þess að ætla sérstaklega að heimsækja eða skoða fólkvanginn mun aukast. Vegurinn bætir aðgengi að fólkvanginum og vekur athygli á honum svo að í kjölfar hans má búast við mjög auknum ferðamannastræmi um svæðið. Þegar nýr Suðurstrandarvegur verður kominn í gagníð verður núverandi vegur afhentur sveitarfélögunum til afnota. Vegagerðin bendir á að með honum megi dreifa álagi á svæðinu og skilgreina megi hann fyrir hjólreiða- eða hestamenn.

Suðurstrandarvegur mun auka álag á einstaka staði fólkvangsins sem nú eru illa undir það búnir. Mjög mikilvægt er að samhliða lagningu hans verði áhersla lögð á uppbyggingu áningarstaða, gönguleiða, merkinga og hreinlætisaðstöðu. Tilkoma Suðurstrandarvegur þýðir að ferðamenn upplifa síður eða ekki þennan hluta fólkvangsins sem víðerni. Þeim mun mikilvægara verður því að halda í þá ásýnd fólkvangsins annars staðar. Því ætti ekki að fara út í frekari nýlagningu vega í fólkvanginum en vel þarf að huga að þeim vegum sem fyrir eru. Slæmir vegir, eins og vegurinn á milli hálsa er á vorin, hvetja til utanvegaaksturs. Ekki er heldur eðlilegt að vegir í fólkvangi séu aðeins ætlaðir jeppum, þeir vegir sem þar eru á annað borð ættu að vera öllum venjulegum bílum færir þannig að sem flestir hafi þar jafnan aðgang. **Gera verður úttekt á vegum í fólkvanginum og**

áætlun um hvað gera eigi við þá vegi sem verða aflagðir með tilkomu Suðurstrandarveggar og um úrbætur á öðrum vegum í fólkvanginum.

IX.2 Gönguleiðir, merkingar og stígar

Um Reykjanesfólkvang fara nokkrar gamlar og merkilegar leiðir og þar lágu jafnvel fjölfarnar þjóðleiðir. Gönguleiðir eru merktar á mörg kort af svæðinu eða af Reykjanesi öllu. Það nýjasta þeirra er Myndkort af Reykjanesi í mælikvarðanum 1:50 000 gefið út af Loftmyndum ehf í júní 2004. Kortið var unnið í samvinnu við gönguleiðahóp Ferðamálasamtaka Suðurnesja og með stuðningi sveitarfélaga og fyrirtækja. Fólkvangsins er ekki getið á kortinu og mörk hans ekki sýnd enda nær það ekki yfir hann allan, NA-horn hans vantar á þetta annars ágæta kort en á því svæði eru merkar gönguleiðir um Grindaskörð og með Draugahlíðum. Á kortinu eru sýndar 22 leiðir sem kallaðar eru gamlar þjóðleiðir og níu þeirra fara um fólkvanginn að meira eða minna leyti (leiðir númer 15-23). Auk þessara gömlu leiða er Reykjavegurinn sýndur en hann liggur á milli Reykjanesvita og Hengilsins. Auk þessara aðalleiða sýnir kortið fjölmargar aðrar leiðir.

Þótt víða sjáist þessar leiðir greinilega í landinu er það alls ekki alls staðar svo. Sums staðar verða þær mjög ógreinilegar eða hverfa alveg, annars staðar greinast þær án þess að ljóst sé hvert skal halda. Sums staðar eru meðfram leiðunum gamlar, hlaðnar vörður en það er eins með þær og hina grónu, gömlu vegi, það er ekki alltaf ljóst hvert þær leiða mann og þær eru ekki alltaf vel sýnilegar. Á nýútgefnu myndkortinu er tekið fram að ef skyggni er svo gott að sést til kennileita sé hægur vandi að rata rétta leið eftir kortinu en ef skyggni versni þá sé gott að fólk sé með áttavita og GPS-tæki. Þessar aðstæður eru óviðunandi í fólkvangi sem hafa það yfirlýsta hlutverk að auðvelda og efla útivist og náttúraskoðun fólks. Af þeim leiðum sem fara um fólkvanginn sýnist aðeins Reykjavegurinn sáemilega stikaður. **Eitthvert albrýnasta verkefni í fólkvanginum er að merkja og stika gönguleiðir á landinu sjálfu.** Áhugahópar og ferðafélög fara í skipulagðar ferðir um Reykjanesið og fólkvanginn, m.a. eftir þessum gömlu leiðum. Þær geta þó ekki komið í staðinn fyrir að leiðirnar séu stikaðar og fólk geti farið eftir þeim upp á eigið eindæmi þegar það hentar þeim. Skipulagðar ferðir binda fólk til þess að fara á ákveðnum tímum, ákveðnar leiðir með ákveðnu fólki sem ræður ferð og hraða. Til að fólkvangurinn geti orðið sá almenningsstaður sem hann á að vera þarf að skapa þar aðstöðu svo að fólk geti farið þangað og um svæðið upp á eigið eindæmi hvenær sem því hentar. Eitt mesta mikilvægi fólkvangsins felst einmitt í því að þangað er stutt að fara frá mesta þéttbýli landsins og það er hægt að gera með litlum fyrirvara nær hvenær sem er.

IX.3 Reykjavegurinn

Reykjavegurinn liggur um Reykjanesfólkvang, en vegurinn er stikuð leið frá Nesjavöllum út á Reykjanestá. Gert er ráð fyrir gististöðum á leiðinni þar sem hefur verið komið fyrir litlum skálum og snyrtiaðstöðu. Einn af þessum áningarstöðum er í fólkvanginum, á Lækjarvöllum norðan Djúpavatns. Ekki er vitað hve mikið Reykjavegurinn er notaður en eins og áður hefur verið á minnst hefur lagning hans hvorki fengið næga kynningu né eftirfylgni.

IX.4 Að stika gönguleiðir

Þegar gönguleið er stikuð í landi myndast fljótlega stígar með stikunum. Þegar stígurinn er orðinn greinilegur í landinu má fækka stikunum eða jafnvel taka þær alveg í burtu. Hlutverk stikaðra gönguleiða eða göngustíga á útivistarsvæðum er mikilvægt og margþætt. Stígar auðvelda fólki för um svæðið og hvetja til gönguferða. Þeir eru öryggistæki svo að fólk villist síður. Með þeim má beina fólki að athyglisverðum stöðum og frá varasömum

stöðum eða þeim svæðum sem ekki þola mikið traðk. Meðfram stígum er tiltölulega auðvelt að ná til fólks og veita því upplýsingar og fræðslu. Í nútíma þjóðfélagi er meiri hluti íbúa óvanur að ganga utan gatna og vega. Margir þora ekki að leggja í gönguferðir þar sem ekki eru greinilegir stígar eða merkingar. Þetta á ekki síst við ef fjölskylda með börn er á ferð. Börn verða að geta bæði dregist aftur úr eða hlaupið á undan hópnum, nokkuð sem þau geta ekki ef leiðin sem farið er eftir er ógreinileg. Fæstum er tamt að ganga eftir korti, áttavita og GPS-tæki, eiga ekki slík tæki og kunna ekki að nota þau enda á að vera hægt að fara um svæði sem er skilgreint sem fólkvangur án slíks búnaðar eða a.m.k. um verulegan hluta hans.

Gera þarf átak í að kynna gönguleiðir fólkvangsins og merkja þær, ekki bara á korti heldur á landinu sjálfu. Velja þarf athyglisverðar leiðir út frá áningarstöðum við vegi og stíka þær. Þegar leiðir eru valdar þarf að hafa í huga að leiðirnar séu fjölbreyttar hvað varðar náttúruferðir og söguminjar og þær þurfa að vera bæði mislangar og miserfiðar þannig að sem flestir geti fundið leiðir við sitt hæfi. Mjög mikilvægt er að leiðir liggja í hring því að fæstir vilja ganga sömu leið fram og til baka frá og að vegi. Mikilvægast er að velja leiðirnar og stíka þær en þó getur líka víða þurft að lagfæra þær s.s. hreinsa stærstu steinana úr þeim.

Segja má að upphaf stígagerðar á friðlýstum svæðum á Íslandi sé í Reykjanesfólkvangi þó að síðan hafi þar lítið gerst. Sumarið 1983 unnu breskir og íslenskir sjálfboðaliðar við að smíða göngupalla um hverasvæðið í Seltúni. Þarna voru breskir sjálfboðaliðar og sérfræðingar í stígagerð að koma í fyrsta skipti til Íslands til að aðstoða við gerð göngustíga. Síðan hafa þeir komið árlega og unnið þrekvirki í þjóðgörðunum í Skaftafelli og Jökulsárgljúfrum. Íslensku sjálfboðaliðarnir í Seltúni sumarið 1983 stofnuðu síðan *Sjálfboðaliðasamtök um náttúruvernd* sem síðan hafa lagt hönd á plóg við stígagerð og fleira sem tengist útivist og náttúruvernd víðs vegar um landið. Ekki er ólíklegt að hægt sé að leita til sjálfboðaliða um aðstoð við stikun og lagfæringu leiða um fólkvanginn en eðlilegt væri líka að þau sveitarfélög sem standa að fólkvanginum beini sumarvinnu ungmenna inn á svæðið.

Gera þarf áætlun um stikun gönguleiða um fólkvanginn (og reyndar á mun stærra svæði umhverfis hann) og ákveða leiðir og skipulag þeirra. Þetta er mikilvægt til að leiðirnar séu samtengdar og samræmis gæti í stikun og merkingum. Um leið og ákveðið er hvaða leiðir eru stíkaðar, hvernig og í hvaða röð ætti líka að meta hvort halda ætti einhverjum hluta fólkvangsins utan stíkaðra gönguleiða fyrir þá sem kjósa að ganga eftir korti um óstíkað land.

IX.5 Leiðir fyrir hross, reið- og vélhjól

Fólk ferðast með ýmsu móti, á bílum, hestum, reiðhjólum, vélhjólum og á tveimur jafnfljótum. Ekki fer vel á því að ætla öllum þessum hópum að nota sömu leiðirnar. Á meðan ekki eru sérstakar leiðir valdar og merktar fyrir þá sem fara um á hrossum eða hjólum er líklegt að þeir nýti sér gönguleiðirnar. Það er hins vegar óæskilegt. Bæði hjól og hestar fara illa með gönguleiðir, þær vaðast út, ekki síst í bleytu, og gróður umhverfis þær traðkast. Hópar ríðandi manna trufla göngumenn og þá ekki síður hávaði í vélhjólum og hestar geta fælst og valdið slysum þar sem þeir mæta óvæntri umferð.

Á nýútgefnu myndkortu af Reykjanesi eru ekki merktar reiðleiðir. Á korti sem fólkvangurinn sjálfur hefur gefið út er merkt reiðleið meðfram Búrfellsgjá nyrst í fólkvanginum, annars staðar ekki. Þó er ljóst að svæðið er tilvalið til útreiða og mikið notað til slíks ekki síst þar sem Hafnfirðingar eru þar með hestagirðingu til sumarbeitar fyrir hross. **Merkja þarf sérstakar reiðleiðir um svæðið bæði á korti og landi.**

Hjólreiðafólk á Íslandi utan þéttbýlis verður víðast að láta sér lynda bílvegi. Með tilkomu fjallahjóna og auknum áhuga á hjólreiðum hefur borið á því að reiðhjólamenn nýti

sér göngustíga á útivistarsvæðum og reiðstíga. Gönguleiðir í Reykjanesfólkvangi eru enn svo óaðgengilegar að ekki sýnast miklar líkur á að reiðhjól verði þar til vandræða í bráð en eðlilegt er að gera sér grein fyrir að svo gæti orðið. Velta má fyrir sér hvort þar ætti t.d. að merkja sérstaka hjólreiðaleið um svæðið eins og stungið er upp á í gögnum Vegagerðarinnar um Suðurstrandarveg.

Með vélhjólum hafa hins vegar verið unnin gífurleg spjöll á landi í fólkvanginum. Nánast alls staðar sem farið er má sjá för eftir vélhjól og þeir sem þeim stýra sýnast fara hvar sem er, jafnt fallegar leirmyndanir á jarðhitasvæðum, þykkur mosi á klöppum og votlendisblettir bera djúp för eftir vélhjólin. Hjól þessi má flytja til landsins og þau eru skráð en síðan eru hvergi skapaðar aðstæður fyrir þau. Samkvæmt vegalögum mega þau aðeins vera á einkavegum og samkvæmt náttúruverndarlögum má ekki aka á vélknúnum farartækjum utan vega. Mjög brýnt er að horfst sé í augu við þennan vanda á raunhæfan hátt. Hjólin eru í landinu í hundraðavis og fólk mun ekki hætta að nota þau. Það nær engri átt að fólk geti ekið þeim óátalið hvar sem er. **Sveitarfélög á Reykjanesi ættu að koma sér saman um að finna svæði þar sem hægt væri að nota vélhjól og ná samkomulagi við eigendur hjólanna. Skilyrða ætti skráningu þeirra við að hjólin verði ekki notuð nema innan þessa tiltekna svæðis eða svæða.**

IX.6 Merkingar

Þar sem ekið er inn í fólkvanginn eru hlaðnar vörður sem í eru skilti sem bjóða fólk velkomið í Reykjanesfólkvang. Fæstir sem þarna fara um átta sig líklega á hvað í því felst að landið hefur verið friðlýst sem fólkvangur. Meðfram vegum eru nokkur skilti sem benda á einstaka staði, eða leiðir að þeim, og geta þess þá hvað löng leið er að umræddum stað. Leiðin þangað er svo oftast ekki merkt að öðru leyti. Við bílastæðið niður að Selatöngum er stórt skilti með upplýsingum um gömlu verstöðina. En af bílastæðinu er dágóður spökur að rústunum en það er ekki augljóst og ekki stikur eða merkingar við stíginn þangað. Fólk lítur í kring um sig á bílastæðinu og sér ekki það sem skiltið fjallar um. Skilti í fólkvanginum hafa mörg verið illa útleikin með skotum – enn eitt merki þess virðingarleysis sem fólkvanginum er sýnt.

Merkingar til upplýsingar og fræðslu í fólkvanginum eru því í miklum ólestri og þar verður að gera stórátak.

IX.7 Tjaldsvæði

Ekki er að sjá að neins staðar sé sérstaklega merkt tjaldsvæði í fólkvanginum. Kjöríð tjaldsvæði er þó á Lækjarvöllum þar sem bæði er vatn og salernisaðstaða enda einn af áningarstöðum Reykjavegarins. Fólk getur væntanlega tjaldað nánast hvar sem er og gerir það trúlega.

IX.8 Byggingar

Nokkrar byggingar eru í fólkvanginum. Þar er frægust Krýsuvíkirkirkja sem eykur gildi svæðisins og er hún í umsjón Þjóðminjasafns. Nálægt henni er lítill skáli í eigu hafnfirskra skáta en þar halda þeir skátamót um hverja hvítasunnu. **Þær byggingar sem mest eru áberandi á svæðinu eru útihúsin við Grænavatn sem nú eru að grotna niður og til mikilla lýta. Mikilvægt er að fjarlægja þessar byggingar og reyna að koma landi þar í sem upprunalegast horf. Bústjórúsið í Krýsuvík, nú Sveinshús, stendur hátt í túni og skammt frá er Krýsuvíkurskólinn sem gegnir mikilvægu hlutverki. Í hestagirðingu Hafnfirðinga voru reist nokkur hús sem áttu að verða geymslur fyrir reiðtygi en urðu að 10 mannbústöðum.**

Til að halda í víðernisáhrif svæðisins ætti að halda byggingum á svæðinu í lágmarki og alls ekki að gera ráð fyrir sumarbústöðum á svæðinu.

IX.9 Girðingar

Girðingar eru til boga á náttúrulegum útivistarsvæðum. Þær eru til lýta og trufla hughrif þar sem þær mynda beinar, manngerðar línur í náttúrunni. Þær geta komið í veg fyrir að fólk komist út frá vegum og þær hafa áhrif á gönguleiðir.

All nokkuð er af girðingum í fólkvanginum, sumar hafa hlutverk, aðrar ekki. Girðing án hlutverks er t.d. girðing sem ekið er meðfram þegar komið er suður í gegnum Vatnsskarð norðan Kleifarvatns. Girðingarleifar eru á Krýsuvíkurheiði og líka á heiðalandinu sunnan Lönguhlíðar, áberandi þegar fólk hefur gengið um Grindaskörð og heldur suður á víðernið sem þarna er, líklega það stærsta á öllu SV-landi. **Allar óþarfa girðingar þarf að fjarlægja.**

Sunnan Kleifarvatns er beitarhólf hestamannafélagsins Sörla sem mun vera ætlað fyrir 50 hross. Samkvæmt samkomulagi á hestamannafélagið að annast um girðinguna. Girðingin fer langan spöl meðfram veginum sunnan Kleifarvatns. Hún er þar bæði til lýta og hindrar aðgang almennings að landinu en hvergi er að sjá þrúlu yfir hana. Annað beitarhólf er á Krýsuvíkurheiði fyrir fé úr Hafnarfirði, Garðabæ og Álftanesi.

Enn er verið að skipuleggja girðingar í fólkvanginum. Ef þær tillögur ná fram að ganga sem settar hafa verið fram um beitarhólf fyrir fé úr Grindavík og um girðingar meðfram Suðurstrandarvegi þá verða vegir í fólkvanginum girtir á löngum köflum. Í bréfi sem stjórn Reykjanesfólkvangs samþykkti vegna beitarhólfs 30. júní 2004 er bent á að það falli ekki að markmiðum fólkvangsins að vera þar með beitarhólf. Ef þau sjónarmið stjórnarinnar verða ofan á mætti fjarlægja allar girðingar fólkvangsins. Ef hins vegar sveitarfélög ákveða að halda áfram að beita ofbeitt landið innan girðinga í fólkvanginum verður að leggja áherslu á að þær girðingar falli eins vel að landi og kostur er. **Mikilvægt er að faglega verði unnið að uppsetningu girðinga og nauðsynlegt að þess verði gætt að þær hindri sem minnst för manna um landið, bæði út frá vegum og um gönguleiðir fólkvangsins.**

X. Hugleiðingar og tillögur

X.1 Um stjórnskipan

Hugmynd að stofnun fólkvangs á Reykjanesi var samþykkt samhljóða í borgarstjórn Reykjavíkur árið 1969 og lögð áhersla á að land frá Elliðavatni til Krýsuvíkurbergs verði gert að friðlýstu útivistarsvæði fyrir almenning í beinum tengslum við Elliðavatn og Heiðmörk. Samkvæmt náttúruverndarlögum skulu fólkvangar vera í umsjón viðkomandi sveitarfélaga. Reykjanesfólkvangur er í lögsagnarumdæmum Grindavíkur, Hafnarfjarðar, Garðabæjar og Álftaness og landið er að einhverju leyti í ríkiseign. Í upphafi var óskað eftir samstarfi 15 sveitarfélaga um fólkvanginn á þeim forsendum að það væru hagsmunir íbúa þeirra að landið yrði friðlýst sem útivistarsvæði. Hluti þeirra svaraði því kalli og nú eiga sjö sveitarfélög aðild að fólkvanginum; Reykjavík, Seltjarnarnes, Kópavogur, Garðabær, Hafnarfjörður, Reykjanesbær og Grindavík. Stjórn fólkvangsins er skipuð einum fulltrúa frá hverju þessara sveitarfélaga. Framlög til fólkvangsins koma frá sömu sveitarfélögum og eru í hlutfalli við íbúafjölda sveitarfélaganna. Aðeins fyrstu árin var stjórn fólkvangsins í nánú samstarfi við Náttúruverndarráð, nú náttúruverndarsvið Umhverfisstofnunar. En samkvæmt 57. gr. náttúruverndarlaga skal samvinnunefnd um fólkvanga starfa í samráði við Umhverfisstofnun. Tengsl stjórnar við einstakar

sveitarstjórnir er heldur ekki mikið. Oft virðist að stjórn fólkvangsins gleymist þegar ákvarðanir eru teknar um framkvæmdir eða önnur umsvif í fólkvanginum.

Nauðsynlegt að eyða þeirri óvissu sem ríkir um stjórnun fólkvangsins. Ákveða þarf og marka stefnu um hlutverk stjórnarinnar og samstarf hennar og tengsl við Umhverfisstofnun og sveitarstjórnir eða Samtök sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu (SSH) og Samband sveitarfélaga á Suðurnesjum (SSS).⁴

X.2 Um markmið og hlutverk

Þegar unnið var að stofnun fólkvangsins lét Páll Línadal, borgarlögmaður, í ljós þá skoðun að þar sem friðlýsingin næði til lands úr svo mörgum sveitarfélögum væri eðlilegt að hún væri í höndum ríkisins t.d. væri óeðlilegt að eitt sveitarfélag tæki að sér stjórn mála í öðru sveitarfélagi. Í bréfi borgarstjóra, Geirs Hallgrímssonar, til menntamálaráðherra bendir hann á að eðlilegast væri að ríkissjóður bæri kostnað við stofnun og rekstur fólkvangsins. Á gömlu blaði sem liggur í gögnum Umhverfisstofnunar frá þessum tíma er dregin lína á korti sem afmarkar svæði sem er svolítið stærra en fólkvangurinn er nú og á það skrifað: „tillaga um þjóðgarð”. Ekki er ólíklegt að einhverjir hafi viljað að stofnaður yrði þjóðgarður á Reykjanesi frekar en fólkvangur en sú hugmynd hefur án efa mætt mikilli mótspyrnu vegna þess hve flókið það hefði verið, mikill kostnaður fyrir ríkið og afsal ýmiss konar réttinda og hlunninda landeigenda og sveitarfélaga.

Land fólkvangsins er einstakt á heimsvísu hvað jarðfræði snertir. Náttúran er mjög sérstök a.m.k. í augum þeirra sem ekki hafa alist upp við eldstöðvar af ýmsum gerðum, hraun og eldvirkni. Minjar eru í landinu um langa sambúð lands og þjóðar en landið er þó að stórum hluta laust við ummerki nútímans en slík svæði eru mörgum mjög mikilvæg og hafa aðdráttarafli fyrir þéttbýlisbúa og ferðamenn. Því má segja að landið sé þjóðgarðsigildi skv. friðlýsingarflokkum íslenskra náttúruverndarlaga og gæti líka fallið að skilgreiningu Alþjóða náttúruverndarsamtakanna um þjóðgarð (sjá viðauka). Nú sem fyrr yrði þó líklega erfitt bæði efnahagslega og félagslega að skilgreina svæðið sem þjóðgarð.

Tilgangur með friðlýsingu fólkvanga á fyrst og fremst að vera að tryggja almenningi aðstöðu til útivistar. Nú til dags er útivist af mörgum toga og fólkvangar því margs konar. Stjórnun og rekstur hvers fólkvangs verður að taka mið af hlutverki viðkomandi fólkvangs, skipuleggja verður svæðið með tilliti til þeirrar útivistar sem þar er stunduð og gera ráð fyrir móttöku ferðamanna og þjónustu við þá í samræmi við markmiðin. Hlutverk Reykjanesfólkvangs sýnist frá upphafi hafa átt að vera að skapa þéttbýlisbúum aðstöðu til útivistar, og þá fyrst og fremst gönguferða, í sérstöku og lítt röskuðu landi. Samkvæmt því ætti þar að gera ráð fyrir móttöku ferðamanna og skólaláða, leiðsögn, gestastofum, göngustígum o.fl. Í alþjóðlegri skilgreiningu á útivistarsvæðum (V. Flokkur IUCN –sjá viðauka) er gert ráð fyrir að þau séu mótuð af búsetu eða umsvifum fólks og að fólk búi þar og viðhaldi mótun landsins jafnframt því að gestir fari um landið. Reykjanesfólkvangur fellur því ekki að þessari alþjóðlegu skilgreiningu.

Ósnortin víðerni höfðu ekki verið skilgreind þegar unnið var að stofnun Reykjanesfólkvangs. Nú er slík skilgreining í náttúruverndarlögum þótt enn hafi ekkert svæði verið formlega friðlýst sem ósnortið víðerni á landinu. Hlutar fólkvangsins gætu vel fallið að þeirri skilgreiningu og einnig að alþjóðlegri skilgreiningu á víðernum (I.b Flokkur IUCN – sjá viðauka). Það er líklega ákaflega fátítt í veröldinni að hægt sé að friðlýsa land sem víðerni í svo mikilli nálægð við þéttbýli.

⁴ SSS: Samband Sveitarfélaga á Suðurnesjum: Garður, Reykjanesbær, Grindavík, Sandgerði, Vogar. SSH: Samtök sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu: Álftanes, Garðabær, Hafnarfjörður, Kjósarhreppur, Kópavogur, Mosfellbær, Reykjavík, Seltjarnarnes.

Mikilvægt er að skilgreina markmið og hlutverk fólkvangsins og skipuleggja síðan land hans, rekstur og umsvif í samræmi við þá stefnumörkun.

X.3 Samanburður við nálæg útivistarsvæði

Í upphafi var gert ráð fyrir tengslum Heiðmerkur og Reykjanesfólkvangs. Heiðmörk hefur frá því um miðja síðustu öld verið í umsjón Skógræktarfélags Reykjavíkur. Það er útivistar- og skógræktarsvæði en hefur ekki verið friðlýst formlega sem fólkvangur. Land Heiðmerkur er í eigu Reykjavíkurborgar, Orkuveitu Reykjavíkur og ríkisins og gerður hefur verið samstarfssamningur við Skógræktarfélagið um umsjón og rekstur svæðisins. Fjárveiting borgarinnar til Heiðmerkur er vel yfir 20 milljónir króna á ári. Þar vinna 4-5 starfsmenn allt árið en á sumrin bætast við yfir 100 ungmenni ásamt verkstjórum sínum til ýmissa starfa.

Þegar Bláfjallafólkvangur var stofnaður var litið á hann sem fyrsta skref í stofnun Reykjanesfólkvangs. Hann hefur þó æ síðan verið sérstök eining. Meginhlutverk fólkvangsins var að skapa aðstöðu til skíðaiðkana og hann myndar nú, ásamt Skálafelli, skíðasvæði sem tólf sveitarfélög á suðvesturlandi reka sameiginlega samkvæmt sérstökum samningi (www.skidasvaedi.is/files/2003_2_17_thjonustusamningur.pdf) frá árinu 2003. Samkvæmt honum er gert ráð fyrir að rekstrarkostnaður skíðasvæðanna sé hátt í 70 milljónir á ári og á árunum 2003-2007 fái þau til nýframkvæmda rúmlega 465 milljónir króna. **Árlegt framlag til skíðasvæðanna í rekstur og framkvæmdir eru því um 160 milljónir króna.** Á skíðasvæðunum vinna allt árið um kring sex starfsmenn fyrst og fremst við umsjón skíðamannvirkja en einn þeirra er titlaður fólkvangsvörður í Bláfjöllum og hefur unnið sem slíkur síðan 1978. Á síðustu vetrum hefur skíðaiðkun verið í lágmarki. Ljóst er að svæðin bjóða upp á annars konar útivist en skíðaiðkun en fram til þessa hefur lítil áhersla verið lögð á annað.

Í samanburði við þessi svæði sést best hvílikt olnbogabarn Reykjanesfólkvangur er. Það sæst líka ef fólkvangurinn væri borinn saman við önnur friðlýst náttúruverndarsvæði, s.s. Þingvallabjódgarð, þar sem að undanförunu hefur verið lögð áhersla á nútímalega móttöku ferðamanna eins og gert er ráð fyrir á slíkum svæðum.

Heildarfjárframlög til Reykjanesfólkvangs munu vera um tvær milljónir króna á ári og mun Reykjavík borga um helming þess fjár. Fólkvangurinn hefur engan fastan heilsársstarfsmann en eftirlitsmaður hefur unnið þar í hlutastarfi á sumrin frá 1981. Þegar samþykkt var að stofna fólkvanginn fólst í því yfirlýsing um að svæðið yrði friðlýst útivistarsvæði en sú stefnumörkun sýnist ekki hafa haft mikil áhrif á skipulag og ákvarðanir sem teknar hafa verið um svæðið og nýtingu þess. Svo virðist helst að hagsmunaaðilar og alls kyns áhugahópar hafi náð að sölsa svæðið undir sig bæði með formlegum og óformlegum hætti. Afleiðingin er illa farið land í töttrum sem er illa þekkt og nýtur lítillar virðingar. Þessi meðferð á landinu og afstaða til þess er í engu samræmi við hve markvert svæðið er. Í fólkvanginum, eins og á Þingvöllum, er jarðsagan opin bók og sögu almúgans, þjóðarinnar sjálfrar, má lesa í fornum þjóðleiðum og tóftarbotum.

Í fólkvanginum búa ónotuð tækifæri til útivistar, fræðslu og ferðamennsku ekki síst vegna þess að sífellt eykst áhugi upplýstra nútímamanna á fræðslu- eða menningartengdum gönguferðum.

Þeir sem lögðu til stofnun Reykjanesfólkvangs á sínum tíma, og unnu að framgangi hans, sáu fyrir sér að samfellt útivistarsvæði yrði allt frá garðlöndum og hálf villtum opnum svæðum þéttbýlisins, í gegnum grænan trefil næst byggðinni og síðan um grá, úfin hraun allt til blárra fjalla í austri og Krýsuvíkurbergs í suðri. Þetta er enn verðugt og stórhuga markmið til að stefna að.

X.4 Næstu skref og stórar spurningar

Eðlilegt er að nota útkomu þessarar skýrslu sem hvata til að heimsækja þær sveitarstjórnir sem að Reykjanesfólkvangi standa til að kynna málefni hans og kanna hug þeirra til fólkvangsins og vilja til frekari verka honum til handa. Einnig ætti að hafa samband við aðrar sveitarstjórnir í nágrenninu ef þær hefðu nú áhuga á að eiga aðild að fólkvanginum. Kynna ætti einnig fólkvanginn fyrir samtökum sveitarfélaga á svæðinu (SSS og SSH). Benda má á að árið 2005 verður fólkvangurinn 30 ára. Við hæfi væri að efna til málþings eða ráðstefnu um fólkvanginn vegna þeirra tímamóta. Þar þyrfti bæði að kynna fólkvanginn og einnig að velja upp ýmsum spurningum til umræðu um framtíð svæðisins s.s. um framtíðarstærð og stjórnskipan fólkvangsins. Á að velja fulltrúa í stjórn með öðrum hætti en nú? Ættu formenn umhverfisnefnda sveitarfélaga sjálfkrafa að setjast í stjórn fólkvangsins eða ætti stjórn hans að vera á verksviði SSH og/eða SSS? Á að láta draum frumkvöðlanna rætast, gleyma lögsögumörkum sveitarfélaganna og stofna eitt stórt útivistarsvæði sem næði yfir Rauðhólaþólkvang, Heiðmörk, Bláfjöll, Reykjanesfólkvang og fleiri svæði sem nú þegar eru á náttúruminjaskrá á svæðinu? Ætti að stefna að því að innan þess útivistarsvæðis væri fyrsta friðlýsta víðernið á Íslandi? Eða vilja menn vera stórhuga og tengja Reykjanesfólkvang um rekbeltið til Þingvalla (sem nú er kominn á heimsminjaskrá), áfram austur eftir gosbeltinu til Vatnajökuls og þaðan norður í Öxarfjörð og vinna svo að því að þarna verði stofnað rekbelta-heimsminjasvæði?

X.5 Brýnustu verkefni

Að fólkvangurinn eigi sér miðstöð/skrifstofu með starfsfólki allt árið um kring sem safnar gögnum um hann, annast daglega umsýslu, tekur þátt í skipulagsvinnu til framtíðar o.fl.

Að gerð verði úttekt á landi fólkvangsins og safnað tillögum ferðahópa og annarra áhugasamra um athyglisverðustu staði og leiðir fólkvangsins. Merkja þessa staði og stíka leiðir.

Að koma í veg fyrir utanvegaakstur.

Vinna heimasíðu um fólkvanginn þar sem er safnað gögnum um hann og veittar upplýsingar.

Að koma lagi á beitarmál í fólkvanginum. Óviðunandi er að beita þar ofnýtt land og byggja beitina á að bera tilbúinn áburð á landið. Stefna verður að sjálfbærni og vistheimt gróðurs í fólkvanginum án beitar búfjár. Á meðan einhver beit er í fólkvanginum verður að gæta þess að girðingar trufli hvorki upplifun fólks af fólkvanginum né hindri auðveldan aðgang að honum.

Heimildir

- Alþingistíðindi 1955-56. 75. lþ. A: Þskj. 232, bls. 850.
Alþingistíðindi 1969-70. 89. lþ. A: Þskj. 617, bls. 2005.
Andrés Arnalds, munnlegar upplýsingar.
Björn Guðbrandur Jónsson, munnlegar upplýsingar.
Náttúruverndarráð 1996. *Friðlýst svæði og aðrar náttúruminjar* (kort).
Fundargerðarbók náttúruverndarnefndar Reykjavíkur
Eva Guðný Þorvaldsdóttir, 1987. *Flóra og gróðurfar í Reykjanesfólkvangi*. Unnið fyrir stjórn Reykjanesfólkvangs.
Gísli Gíslason, tölvubréf 10. júní 2004.
Guðmundur Sigurjónsson, munnlegar upplýsingar.
Guðrún Gísladóttir 1993. *Gróður, jarðvegur og mannvistarminjar í Reykjanesfólkvangi. Ástand og tillögur til úrbóta*.
Hilmar Malmquist tölvubréf frá 15. júní.
IUCN 1994. *1993 United Nations List of National Parks and Protected Areas*.
IUCN 1994. *Guidelines for Protected Area Management Categories*. IUCN Publications Services Unit, Cambridge.
Karl Skírnisson tölvubréf 14. júní.
Kristbjörn Egilsson (ritstjóri) 1989. *Náttúrufar á sunnanverðum Reykjanesskaga*. Náttúrufræðistofnun Íslands fyrir Samvinnunefnd um Skipulagsmál á Suðurnesjum.
Lög um náttúruvernd nr. 48/1956.
Lög um náttúruvernd nr. 47/1971.
Lög um náttúruvernd nr. 44/1999 með síðari tíma áorðnum breytingum.
Náttúrufræðistofnun Íslands, bréf til umhverfisráðuneytis 9. feb. 2004
Náttúruverndaráætlun 2004-2008 Aðferðafræði. Tillögur Umhverfisstofnunar um friðlýsingar. Unnið í samvinnu við Náttúrufræðistofnun Íslands. Umhverfisstofnun, Reykjavík 2003.
Ólafur Ólafsson starfsmaður Skógræktarfélags Reykjavíkur munnl. uppl.
Páll Hersteinsson, tölvupóstur 9. júní
Páll Líndal 1984. *Stríð og friður Aðdragandinn að setningu náttúruverndarlaga á Íslandi*. Lesarkir Náttúruverndarráðs 8. Náttúruverndarráð Reykjavík.
Sigurður H. Magnússon 1998. *Ástand lands í Krýsuvík sumarið 1997. Áætlun um uppgræðslu*. Unnið fyrir bæjarstjórn Hafnarfjarðar. Sigurður Þórarinnsson 1950. Náttúruvernd. *Náttúrufræðingurinn* 1:1-12
Skjöl í Borgarskjalasafni, tvær öskjur merktar Reykjanesfólkvangur og Bláfjöll.
Skýrsla um störf Náttúruverndarráðs 1972-1975, 1975-1978 og 1993-1996.
Suðurstrandavegur – Mat á umhverfisáhrifum, Línuhönnun, verkfræðistofa, maí 2003.
Stj.tíð. B, nr. 520/1975
Veiðistjóri – tölur frá Grindavíkurkaupstað í tölvubréfi.
www.blafjoll.is
www.iucn.org
www.obyggd.stjr.is
Þorgeir Ólason, forstöðumaður hjá Krýsuvíkursamtökunum, munnl. uppl.
Þorsteinn Hjaltason fólkvangsvörður í Bláfjallafólkvangi, munnl. uppl.

Viðaukar

Friðlýsingarflokkar í náttúruverndarlögum

Friðlýsingarflokkar samkvæmt lögum nr. 44/1999 um náttúruvernd. (Úr Náttúruverndaráætlun 2003)

Þjóðgarðar (II)

Landsvæði sem ástæða þykir til að vernda fyrir núverandi og komandi kynslóðir vegna:

- sérstæðs landslags og náttúruvæðis
- vistfræðilegrar heildar
- sögulegrar helgi sem hvílir á svæðinu
- sóknarfæra á sviði andlegra og vísindalegra málefna, fræðslu og útivistar, sem samrýmast umhverfi og menningu

Á Íslandi eru þrjár þjóðgarðar, í Skaftafelli, Jökulsárgljúfrum og á Snæfellsnesi. Þingvellir eru friðlýstir sem helgistaður allrar þjóðarinnar með sérlögum.

Friðlönd (I)

Landsvæði sem ástæða þykir til að vernda vegna:

- sérstæðs gróðurfarar, dýralífs eða jarðmyndana
- sérstaks landslag eða landslagsheildar
- menningarminja eða sögu
- útivistargildis
- fræðslugildis

Á Íslandi eru 37 landsvæði friðlýst sem friðlönd.

Náttúruvætti í hafi og á landi (III)

Náttúrumyndanir á landi eða í sjó sem ástæða þykir til að vernda vegna fræðilegs gildis, fegurðar eða sérkenna, t.d.:

- fossar, eldstöðvar, hellar, drangar
- fundarstaðir steingervinga, sjaldgæfra steintegunda og steinda

Á Íslandi eru 34 friðlýst náttúruvætti.

Friðlýsing lífvera

Lífverur sem miklu skiptir að ekki verði fækkað eða útrýmt vegna:

- náttúrufræðilegra eða annarra menningarlegra sjónarmiða

Á Íslandi er 31 tegund háplantna friðlýst.

Búsvæði (IV)

Svæði á landi eða í sjó sem ástæða þykir til að vernda vegna:

- mikilvægis fyrir tiltekna tegund. Þannig er tegundinni tryggt athvarf án tillits til landslags, útivistargildis eða annarra utanaðkomandi þátta.

Á Íslandi er eitt svæði friðlýst sem búsvæði blesgæsar, sem er Hvanneyri.

Vistkerfi (VI)

Svæði sem miklu skiptir frá vísindalegu, náttúrufræðilegu eða öðru menningarlegu sjónarmiði að sé ekki raskað, fækkað eða útrýmt.

Á Íslandi er ekkert svæði friðlýst sem vistkerfi.

Fólkvangar (V)

Svæði sem ástæða þykir til að vernda vegna:

- útivistar og almenningsnota.

Fólkvangar eru yfirleitt stofnaðir að frumkvæði sveitarfélaga sem sjá einnig um rekstur þeirra.

Á Íslandi eru 13 fólkvangar.

Flokkun IUCN á friðlýstum svæðum

I.b FLOKKUR **Víðerni: Svæði, friðlýst einkum til að vernda óbyggðir.**

Skilgreining

Stórt svæði lands og/eða sjávar, ósnortið eða lítt snortið með náttúrulegum einkennum og áhrifum þar sem ekki er föst eða umtalsverð búseta, friðlýst og stýrt til að vernda svæðið í náttúrulegu ástandi.

Markmið stýringar

- að tryggja komandi kynslóðum tækifæri til að njóta þess skilnings og þeirrar ánægju sem hafa má af svæðum sem maðurinn hefur að mestu látið ósnert í langan tíma;
- að viðhalda til langframa þeim eiginleikum og gildum svæðisins sem einkenna það;
- að veita almenningi aðgang í þeim mæli og með þeim hætti að það þjóni sem best líkamlegri og andlegri vellíðan gesta og viðhaldi eiginleikum víðernisins fyrir okkar kynslóð og þeirra sem á eftir koma;
- að gera frumbyggjasamfélögum, þar sem búseta er dreifð og í jafnvægi við náttúruauðlindir, kleift að viðhalda lífsháttum sínum;

Leiðbeiningar um val

- Svæðið þarf að búa yfir miklum náttúrulegum gæðum, þar ráði fyrst og fremst náttúruöflin ríkjum, röskun af manna völdum sé lítil sem engin og líklegt að þessir eiginleikar haldist ef svæðinu er stýrt eins og gert er ráð fyrir.
- Að svæðið búi yfir markverðum vistfræðilegum eða jarðfræðilegum einkennum, landmótun, náttúruvegurð eða öðrum gildum fyrir vísindi, menntun eða sögu.
- Svæðið þarf að bjóða upp á framúrskarandi möguleika til einveru sem njóta má þegar komið er á svæðið á einfaldan, hljóðlátan hátt án mengunar eða átroðnings (þ.e. ekki með vélknúnu farartæki).
- Svæðið þarf að vera nægilega stórt til að slík friðun og notkun sé raunhæf.

Ábyrg stofnun (eins og flokkur I.b)

Eign og yfirlit þurfa að vera í höndum ríkisins eða annars stjórnsýslustigs en rekstur í höndum fagstofnunar, ellegar í höndum einkarekins sjóðs, háskóla eða stofnunar með rótgróna rannsókn- eða náttúruverndarstarfsemi, eða landeigenda í samvinnu við einhverja fyrrgreindra opinberra- eða einkaaðila. Tryggja skal langtímavernd með fullnægjandi hætti fyrir útnefningu svæðisins. Alþjóðasamningar um svæði þar sem deilt er um yfirlit kunna að leiða til undantekninga (t.d. Suðurskautslandið).

(Þessi undirflokkur var innleiddur á allsherjarþingi IUCN sem samþykkt 16/34 í Madrid árið 1984)

II. FLOKKUR Þjóðgarður: Svæði, friðlýst einkum til að vernda vistkerfi og til útivistar.

Skilgreining

Náttúrulegt svæði lands og/eða sjávar þar sem (a) verndaðar eru vistfræðilegar heildir eins eða fleiri vistkerfa fyrir núlifandi og komandi kynslóðir (b) komið er í veg fyrir nýtingu eða búsetu sem gengur gegn tilgangi friðunar svæðisins og (c) sköpuð eru skilyrði fyrir gesti svo að þeir fái hrífist, rannsakað, fræðst, notið útivistar og dvalar sem samræmist umhverfi og menningararfi.

Markmið stýringar

- að vernda náttúruleg og fögur landsvæði sem mikilvæg eru þjóðinni og umheiminum til að hrífast, rannsaka, fræðast, stunda útivist eða ferðast um;
- að viðhalda í eins náttúrulegu horfi og hægt er dæmigerðum jarðmyndunum, samfélögum lífvera, erfðastofnum og tegundum til að stöðugleiki og fjölbreytni vistkerfa haldist;
- að stjórna umferð gesta sem þangað koma sér til innblásturs, fræðslu, menningarauka og til útivistar þannig að svæðið haldist í náttúrulegu eða nánast náttúrulegu horfi;
- að uppræta og koma síðan í veg fyrir nýtingu eða búsetu sem gengur gegn tilgangi friðlýsingarinnar;
- að viðhalda virðingu fyrir þeim þáttum vistkerfis, landslags, helgi og fegurðar sem leiddu til friðlýsingar og
- að taka tillit til þarfa frumbyggja, þar á meðal sjálfsþurftarnýtingar náttúruauðæfa, svo fremi sem slíkt vinni ekki gegn öðrum markmiðum friðlýsingar og stjórnunar svæðisins.

Leiðbeiningar um val

- Á svæðinu þurfa að vera dæmigerð, stór, náttúruleg svæði, náttúrufríbærir eða útsýni þar sem tegundir plantna og dýra, búsvæði og landmótun hafa sérstaka þýðingu fyrir hughrif, vísindi, fræðslu, útivist og ferðamennsku.
- Svæðið þarf að vera nógu stórt til að ná yfir eitt eða fleiri heil vistkerfi sem ekki hefur verið breytt efnislega með núverandi byggð eða nýtingu.

Ábyrg stofnun

Eign og stjórnun ætti að öllu jöfnu að vera í höndum æðsta til þess bæra stjórnvaldi viðkomandi þjóðar. Hins vegar má fela umboðið í hendur öðru stjórnsýslustigi, frumbyggjaráði, stofnun eða öðrum lögaðila sem hefur helgað svæðið langtíma náttúruvernd.

V. FLOKKUR Verndað landslag eða sjávarsvæði: Friðlýst og stýrt einkum til verndar og útivistar.

Skilgreining

Landsvæði með strönd og sjó, þegar við á, þar sem samskipti fólks og náttúru hafa í tímans rás gefið svæðinu greinileg einkenni sem hafa mikilvægt fagurfræðilegt, vistfræðilegt og/eða menningarlegt gildi og þar sem gjarnan er fjölbreytt lífríki. Þessi hefðbundnu samskipti eru nauðsynleg til að varðveita svæðið, viðhalda því og til að það fái þróast.

Markmið stýringar

- að viðhalda samstilltri sambúð náttúru og menningar með því að vernda landslag og/eða sjávarsvæði um leið og haldið er áfram hefðbundinni landnýtingu, byggingaraðferðum og félagslegum og menningarlegum athöfnum;
- að styðja við lífshætti og atvinnulíf sem samræmast náttúru svæðisins og varðveislu félags- og menningarlegra þátta viðkomandi samfélaga;
- að viðhalda fjölbreytni landslags og búsvæða ásamt tengdum tegundum og vistkerfum;
- að uppræta þar sem þörf krefur og koma síðan í veg fyrir landnýtingu og athafnir sem óviðeigandi eru að umfangi og/eða eðli;
- að veita almenningi tækifæri til að njóta svæðisins í útivist og ferðalögum sem í gerð og umfangi spilla ekki gildum svæðanna;
- að hvetja til vísinda- og fræðslustarfs sem stuðla að langtímavelferð íbúa svæðisins og efla almennan stuðning við umhverfisvernd á slíkum svæðum;
- að auka velferð og hag staðbundins samfélags með því að það bjóði fram náttúrulegar afurðir (svo sem skóga- eða fiskafurðir) og þjónustu (svo sem hreint vatn eða sjálfbæra ferðaþjónustu).

Leiðbeiningar um val

- Á svæðinu þarf að vera landslag og/eða strand- og eyjasvæði sem hefur mikið sjónrænt gildi ásamt fjölbreytilegum búsvæðum dýra og plantna og einstakri eða hefðbundinni landnotkun og félagsmynstrum sem sjá má í mannvist, hefðum, lífsviðurværi og trú.
- Almennur þarf að hafa tækifæri til að njóta afþreyingar og ferðalaga á svæðinu innan þess ramma sem lífshættir og atvinnulíf marka.

Ábyrg stofnun

Svæðið getur verið í eigu opinberra aðila en oftar er eignarhald í höndum margra opinberra og einka aðila sem stýra því með mismunandi hætti. Slík stýring þarf að vera háð einhvers konar skipulagi eða öðru eftirliti og njóta stuðnings, þar sem við á, af almannafé eða að fá annars konar hvatningu til að tryggja að gæðum landslags /sjávarsvæðis sé haldið við til langs tíma, ásamt þeirri hefð og trú sem svæðinu tengist.